

Umsögn dómnefndar

samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla
um umsækjendur um embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem
auglýst var laust til umsóknar í Lögbirtingablaði 1. mars 2024

Reykjavík, 15. maí 2024

EFNISYFIRLIT

1. Umsækjendur.....	3
2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á.....	3
3. Um málsmeðferð dómnefndar	6
4. Almennar upplýsingar um umsækjendur.....	7
5. Mat á umsækjendum	13
5.1. Almenn starfshæfni og andlegt atgervi.....	13
5.2. Menntun og framhaldsmenntun.....	14
5.1.1. Menntun og framhaldsmenntun – samanburður	15
5.3. Reynsla af dómstörfum	15
5.3.1. Reynsla af dómstörfum – samanburður.....	16
5.4. Reynsla af lögmanns- og málfutningsstörfum.....	17
5.4.1. Reynsla af lögmanns- og málfutningsstörfum – samanburður	17
5.5. Reynsla af stjórnáslustörfum	18
5.5.1. Reynsla af stjórnáslustörfum – samanburður.....	20
5.6. Reynsla af fræðistörfum o.fl.....	21
5.6.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf	21
5.6.1.1. Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður	22
5.6.2. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.	22
5.6.2.1. Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður.....	23
5.7. Reynsla af stjórnun.....	24
5.7.1. Reynsla af stjórnun – samanburður	25
5.8. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl.....	26
5.8.1. Reynsla af öðrum störfum sem nýtast dómaraefni o.fl. – samanburður	27
5.9. Sérstök starfshæfni	27
5.9.1. Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu	27

5.9.2. Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi	28
6. Færni umsækjenda til að semja dóma	28
7. Niðurstaða dómnefndar	39

1. Umsækjendur

Með bréfi 20. mars 2024 fór dómsmálaráðuneytið þess á leit við dómnefnd samkvæmt III. kafla laga nr. 50/2016 um dómstóla að hún léti í té umsögn um hæfni umsækjenda um embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem auglýst var laust til umsóknar 1. mars 2024 í Lögbirtingablaði.

Eftirtalin sóttu um embættið: Aðalsteinn E. Jónasson landsréttardómari, Eyvindur G. Gunnarsson prófessor, Ingibjörg Þorsteinsdóttir dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur og Skúli Magnússon umboðsmaður Alþingis.

Samkvæmt 3. gr. reglna um störf dómnefndar lætur dómsmálaráðherra staðreyna að umsækjendur uppfylli öll hin almennu hæfisskilyrði embættisins sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Niðurstaða ráðuneytis dómsmála er sú að umsækjendur uppfylli allir þau skilyrði.

Umsögn dómnefndar fer hér á eftir.

2. Sjónarmið sem nefndin byggir mat sitt á

Hæstiréttur gegnir sérstakri stöðu í dómstólaskipan landsins. Með lögum nr. 50/2016 og lögum sem sett voru samhliða þeim voru gerðar stórfelldar breytingar á þeirri skipan. Með 1. gr. dómstólalaga, sem gildi tóku 1. janúar 2018, var hlutverki Hæstaréttar breytt með þeim hætti að hann skyldi framvegis vera æðsti dómstóll ríkisins án þess að vera samtímis áfrýjunardómstóll eins og verið hafði í tíð eldri laga. Því til samræmis er áfrýjun mála nú háð leyfi réttarins og einkum takmörkuð við mál sem hafa „verulegt almennt gildi“ eða „verulega almenna þýðingu“, sbr. 176. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og 4. mgr. 215. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.

Hæstarétti er því hér eftir fyrst og fremst ætlað að dæma mál sem hafa verulega almenna þýðingu og í mörgum tilvikum fordæmisgildi. Af þeim sökum er brýnt að vanda til vals á dómurum réttarins auk þess sem breytt hlutverk hans leiðir af sér kröfu um að það val sé eins trúverðugt og framast er kostur, svo sem tekið er fram í umsögnum dómnefndar um hæfni umsækjenda um embætti hæstaréttardómara frá 9. desember 2019 og 30. apríl 2020.

Samkvæmt 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 skal dómnefnd láta ráðherra í té skriflega og rökstudda umsögn um umsækjendur um embætti dómara. Samkvæmt lögnum skal í umsögn dómnefndar tekin afstaða til þess hvaða umsækjandi sé hæfastur til að hljóta embættið en heimilt er að setja tvo eða fleiri umsækjendur jafna.

Þágildandi lögum nr. 15/1998 um dómstóla var breytt með lögum nr. 45/2010. Í athugasemdum við þá málsgrein síðargreindu laganna, er varð að 2. mgr. 4. gr. a laga nr. 15/1998, sbr. nú 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016, segir meðal annars svo: „Við mat á hæfni dómaraefna er til margra atriða að líta, svo sem starfsreynslu á sviði lögfræði, hvort heldur hún er á sviði dómstarfa, málflutnings, annarra lögmannsstarfa, fræðistarfa eða innan stjórnarsýslunnar, en almennt verður umsækjandi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun og þekkingu. Rétt er einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Almennt verður að telja umsækjanda til tekna að hafa yfir að búa fjölbreyttri starfsreynslu, þótt meta verði það hverju sinni. Dómnefndinni er einnig rétt að líta til og að leita sérstaklega eftir umsögnum um störf umsækjanda og þess hvort hann sé skilvirkur í störfum sínum og vinnusamur, hvort hann hafi til að bera hæfni til að skilja aðalatriði frá aukaatriðum og setja álit sitt fram á skiljanlegan hátt, bæði munnlega og skriflega. Er í því skyni unnt að líta til fræðiritra, reynslu umsækjanda af málflutningi eða þeirra dóma sem umsækjandi kann að hafa samið. Umsækjandi um dómaraembætti verður enn fremur að geta átt góð samskipti við aðra.“

Í lok 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 kemur fram að ráðherra setji að öðru leyti nánari reglur um störf dómnefndar. Dómsmálaráðherra hefur sett reglur nr. 970/2020 um störf dómnefndar sem fjallar um hæfni umsækjenda um dómaraembætti en þær komu í stað eldri reglna um sama efni, nr. 620/2010. Í 4. gr. hinna nýju reglna er á sama hátt og í 4. gr. þeirra eldri fjallað um sjónarmið sem nefndin skal byggja mat sitt á. Þar segir meðal annars: „Dómnefnd skal gæta þess við mat sitt að samræmis sé gætt þannig að jafnræði sé í heiðri haft. Niðurstaðan skal byggð á heildstæðu mati á grundvelli málefnalegra sjónarmiða og skal þar byggt á verðleikum umsækjenda með hliðsjón af menntun og reynslu, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi [...]. Við mat á menntun, starfsferli og fræðilegri þekkingu skal dómnefndin miða við að æskilegt sé

að umsækjandi hafi fjölbreytta starfsreynslu á sviði lögfræðinnar, s.s. reynslu af dómstörfum, málflutningi eða öðrum lögmannsstörfum, störfum innan stjórnarsýslunnar eða fræðistörfum. Miðað skal við að umsækjandi hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og menntun. Þá skal litið til þess hvort umsækjandi hefur stundað framhaldsnám [...]. Dómnefnd ber einnig að líta til aukastarfa umsækjanda, svo sem til setu í úrskurðarnefndum eða annarra skyldra starfa sem nýtast dómaraefni. Loks er heimilt að líta til víðtæktrar þátttöku í félagsstarfi [...]. Við mat á almennri starfshæfni skal litið til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Æskilegt er að hann hafi reynslu af stjórnun. Umsækjandi skal hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti [...]. Mikilvægt er að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi [...]. Umsækjandi þarf að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð er krafa um að af umsækjanda fari gott orð bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.“

Í almennum athugasemdum við frumvarp það sem varð að lögum nr. 45/2010, um breytingu á lögum nr. 15/1998, er áréttað að í öðrum lögum sé einnig að finna ákvæði sem taka verður tillit til við skipun dómara, svo sem í stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, lögum nr. 10/2008 um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla (sjá nú lög nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna) og lögum nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins. Enn fremur er þar minnt á að í tilmælum ráðherranefndar Evrópuráðsins nr. R(94)12 frá 13. október 1994 um sjálfstæði, skilvirkni og hlutverk dómenda (On the Independence, Efficiency and Role of Judges) kemur fram að allar ákvarðanir um skipun og starfsframa dómara skuli byggðar á hlutlægum sjónarmiðum og byggjast á verðleikum, með hliðsjón af hæfi, ráðvendni, hæfni og skilvirkni í starfi.

Dómnefnd hefur áður fjallað um í umsögnum sínum hvaða merkingu beri að leggja í þau ummæli 4. gr. reglna nr. 970/2020 „að æskilegt sé að umsækjandi hafi

fjölbreytta starfsreynslu“ og tekið fram að þetta matsviðmið sé ekki einfalt í meðförum. Einnig að fjölbreytt starfsreynsla umsækjanda geti aukið lögfræðilega þekkingu hans, en slíkt sé þó ekki endilega raunin. Sú ályktun hefur verið dregin af athugasemdum með frumvarpi sem varð að lögum nr. 45/2010 að megináhersla sé þar lögð á lögfræðilega þekkingu umsækjandans. Með fjölbreyttri starfsreynslu sé átt við fjölbreytileika starfa sem umsækjendur hafa sinnt en ekki síður hve verkefnin sem þeir hafa fengist við séu fjölbreytileg í þeim skilningi að þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum sviðum lögfræði. Þá skiptir lögfræðileg þekking umsækjanda ekki máli, ein og sér, þegar mat er lagt á hæfni hans til að gegna embætti dómara í samanburði við aðra umsækjendur, heldur er einnig nauðsynlegt, eftir því sem tók eru á, að meta færni hans til að nýta þá þekkingu við úrlausn dómsmála.

Við heildarmat á hæfni umsækjanda er samkvæmt framansögðu litið til þeirra matsþátta sem eru til þess fallnir að hafa forspárgildi um hæfni umsækjanda til að gegna starfi hæstaréttardómara og vægi einstakra matsþátta ræðst einkum af því hversu forspárgildið er mikið.

Af dómsúrlausnum umsækjanda og eftir atvikum stefnum, greinargerðum og stjórnarsýsluúrskurðum er unnt að draga ályktanir um hversu vel hann þekkir til réttarreglna, þar með talið réttarfarsreglna svo og hæfni hans við að beita þeim lögum og öðrum réttarheimildum sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa málsatvik og greina ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði. Það hversu vel umsækjandi hefur tileinkað sér þessi atriði má ætla að hafi mikið forspárgildi við mat á hæfni hans til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti sem er mikilvægasta verkefni dómara réttarins.

3. Um málsmeðferð dómnefndar

Við meðferð máls þessa hafa Ása Ólafsdóttir, formaður og Kristín Benediktsdóttir vikið sæti í dómnefndinni. Sigurður Tómas Magnússon, varamaður Ásu, hefur tekið sæti í hennar stað. Varamaður Kristínar, Jóhannes Sigurðsson, bæði tilnefnd af Landsrétti, vék einnig sæti. Að tilnefningu Landsréttar skipaði dómsmálaráðherra Andra Árnason *ad hoc* í dómnefndina 27. mars 2024. Aðrir

nefndarmenn eru Helga Melkorka Óttarsdóttir, Reimar Pétursson og Þorgeir Örlygsson.

Hinn 4. apríl 2024 ritaði nefndin umsækjendum tölvubréf og óskaði eftir því að þeir gerðu athugasemdir við sérstakt hæfi dómnefndarmanna teldu þeir einhverjar vanhæfisástæður fyrir hendi. Ekki komu fram athugasemdir við sérstakt hæfi nefndarmanna.

Fyrsti fundur dómnefndar eftir að hún var fullskipuð var haldinn 4. apríl 2024. Samkvæmt 10. gr. reglna nr. 970/2020 reiknast sex vikna afgreiðslufrestur nefndarinnar frá þeim degi en þar er jafnframt tekið fram að sá frestur geti þó orðið lengri ef sérstakar ástæður valda því, svo sem mikill fjöldi umsækjenda o.þ.h.

Í framangreindri auglýsingu frá 1. mars 2024 var m.a. áskilið að fram kæmu í umsóknum um embætti dómara við Hæstarétt upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlegar og skriflegar upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Á grundvelli 5. mgr. 5. gr. reglna nr. 970/2020 sendi dómnefnd spurningalista til þeirra sem umsækjendur höfðu gefið upp sem umsagnaraðila. Umsækjendunum var síðan veitt færi á að tjá sig um svör þeirra og hafði nefndin hliðsjón af þessum umsögnum við mat sitt, svo sem nánar verður vikið að í kafla 5.1. hér á eftir.

Dómnefnd átti viðtöl við umsækjendur 14. og 15. apríl 2024.

Samkvæmt 8. gr. reglna nr. 970/2020 voru umsækjendum send drög að umsögn dómnefndar með tölvubréfum 8. maí 2024, þar sem þeim var gefinn kostur á að gera athugasemdir við þau til hádegis 14. sama mánaðar. Þess var sérstaklega farið á leit í bréfinu að fram kæmi svo fljótt sem kostur væri hvort umsækjendur hygðust gera athugasemdir og þær yrðu þá sendar sem fyrst. Athugasemdir bárust frá þremur umsækjendum og voru vegna þeirra gerðar minni háttar breytingar á fyrirbyggjandi drögum að umsögn.

4. Almennar upplýsingar um umsækjendur

Hér á eftir verður gerð grein fyrir menntun og reynslu umsækjenda, en 5. kafli hefur að geyma mat dómnefndar á umsækjendum á grundvelli þeirra megin sjónarmiða sem reifuð voru í 2. kafla. Upplýsingarnar í þessum köflum eru fyrst

og fremst byggðar á umsóknum umsækjenda. Ekki er greint frá öllu því sem þeir hafa talið þar upp heldur getið helstu starfa og viðfangsefna er þeir hafa sinnt, auk þess sem leitast hefur verið við að gæta samræmis þeirra á milli þegar gerð er grein fyrir þessum atriðum.

Aðalsteinn E. Jónasson er fæddur 18. desember 1966 og er því 57 ára. Hann lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992 og meistaragráðu (LL.M) við lagadeild Harvard háskóla í Bandaríkjunum í júní 2000. Í umsókn kemur fram að hann hefði stundað doktorsnám við lagadeild Kaupmannahafnarháskóla á árunum 2008-2010. Áður en hann hóf laganám stundaði hann frönskunám við Toulouse háskóla. Auk þessa hefur hann sótt ýmis námskeið héraðs og erlendis. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í febrúar 1993 og leyfi til málflytninga fyrir Hæstarétti í október 1998. Þá fékk hann réttindi sem fasteigna-, fyrirtækja- og skipasali 2015. Að loknu embættisprófi starfaði umsækjandinn sem fulltrúi á lögmannsstofu en frá 1993 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Vorið 2000 hóf umsækjandinn störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. sem við sameiningu síðar það ár varð Íslandsbanki-FBA hf. Árið 2002 hóf hann störf sem lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík í 50% starfshlutfalli. Lét hann þá af störfum hjá Íslandsbanka-FBA hf. en sinnti lögmennsku samhliða starfi lektors til ársins 2004. Sama ár hóf hann störf sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Straums Fjárfestingabanka hf. en hélt stöðu sinni sem lektor. Í september 2006 hætti hann störfum hjá Straumi. Hann gerðist framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. í október 2006 og starfaði þar til ársloka 2007. Á árinu 2007 fékk hann framgang í stöðu dósentis við lagadeild Háskólans í Reykjavík og fór þá í fullt starf sem dósent og sinnti kennslu og rannsóknum við skólann. Hann starfaði hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík til ársins 2010. Við deildina annaðist hann fyrst og fremst kennslu í kröfurétti og verðbréfamarkaðsrétti en jafnframt í fleiri greinum. Hann tók þátt í innra starfi lagadeildar Háskólans í Reykjavík og sat í kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði. Hann var formaður stjórnar Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2003-2007 og forstöðumaður sömu stofnunar 2007-2011. Hann var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001-2002, hefur verið leiðbeinandi við gerð lokaritgerða nemenda við Háskólann í

Reykjavík og Háskóla Íslands. Aðalsteinn annaðist kennslu í aðfarargerðum á námskeiðum fyrir verðandi lögmennt 2001-2005 og verðbréfamiðlara 2000-2001. Í janúar 2010 hóf hann á ný störf sem lögmaður og starfaði við lögmenntsku til ársloka 2017. Umsækjandinn var skipaður dómari við Landsrétt 8. júní 2017 og hefur gegnt því embætti frá stofnun dómstólsins 1. janúar 2018. Umsækjandinn var settur dómari við Hæstarétt í sjö málum árið 2018 og í einu máli árið 2023. Þá hefur hann verið varadómmandi við Endurupptökudóm frá 1. febrúar 2023. Bækur sem umsækjandinn hefur ritað eru *Viðskipti með fjármálagerninga* (2009) og *Markaðssvik* (2017) en auk þess kemur bókin *Verðbréfamarkaðsréttur I – Markaðir og viðskipti með fjármálagerninga* út síðar á þessu ári. Þá hefur hann ritað þrjú bókakafli og 19 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni. Umsækjandinn var varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 til júlí 2020, formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013, sérfræðingur hjá rannsóknarnefnd Alþingis frá apríl 2009 til mars 2010 og var í tvígang á árinu 2009 settur *ad hoc* sem formaður nefndar um dómastörf. Hann sat í stjórnnum tveggja einkafyrirtækja á árunum 2012 til 2017 og var formaður stjórnar annars þeirra. Þá sat hann í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015. Af öðrum aukastörfum má nefna að hann hefur setið í réttarfræðingnefnd frá 1. mars 2022. Hann var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp sem varð að lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Hann var í stjórn Lögmannafélags Íslands 2001-2003 og í laganefnd félagsins 1996-1999. Þá sat hann í laganefnd European Banking Federation 2000-2002. Umsækjandinn hefur setið í ritrýningnefnd Tímarits Lögréttu frá árinu 2009 og í ráðgjafarráði Tímarits lögfræðinga frá 2007.

Eyvindur G. Gunnarsson er fæddur 31. ágúst 1970 og er því 53 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands 1996 og meistaraþráðu (LL.M) við Duke University School of Law vorið 1998. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997 og leyfi til málflutnings fyrir Hæstarétti 2006. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem deildarstjóri í umhverfissráðuneytinu 1996-1997. Hann starfaði sem aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur 1998-2000 og á sama ári sem deildarsérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður 2000-2006 en hefur frá þeim tíma starfað við lagadeild Háskóla Íslands. Þar var hann lektor frá 2006 til 2010, dósent frá 2010 til 2013 en hefur frá þeim tíma verið

prófessor, þar af forseti deildarinnar frá 2013 til 2016. Auk fyrrgreindra starfa við kennslu við lagadeild Háskóla Íslands frá 2006 var umsækjandi stundakennari við deildina frá 1999 til 2006. Helstu kennslugreinar hans hafa verið kröfuréttur, samningaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur, félagaréttur og eignaréttur. Þá kenndi hann á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður frá 2007 til 2021 og á námskeiði til löggildingar fasteignasala frá 1998 til 2022. Hann hefur frá 1998 leiðbeint fjölda nemenda við meistararitgerðir. Bækur sem hann hefur ritað einn eða með öðrum eru *Dómar í þinglýsingarmálum 1920-2010* (2010) sem hann er einn höfundur að og *Kröfuréttur I* (2009), *Kröfuréttur II* (2011), *Þinglýsingalög – skýringarit* (2011), *Kröfuréttur III* (2019) og *Hrunréttur* (2019) sem hann ritaði ásamt öðrum. Þá hefur hann fengið birtar yfir 40 greinar og bókarkafli á sviði lögfræði, þar af eru flestar greinanna ritrýndar. Þá hefur hann sinnt ritstjórn og ritrýni og tekið þátt í innra starfi lagadeildar Háskóla Íslands. Meðal annars hefur hann setið í stjórn Lagastofnunar, vísindanefnd lagadeildar og í stjórn Starfsþróunarsjóðs prófessora en einnig verið formaður kærunefndar í málefnum nemenda við skólann. Af öðrum aukastörfum hans má nefna að hann var á árinu 2018 settur dómari í tíu málum í Hæstarétti og hefur verið settur dómari í einu máli fyrir Landsrétti. Hann var varamaður í endurupptökunefnd frá 2013 til 2017 þar sem hann tók þátt í afgreiðslu nokkurra mála. Hann hefur verið gerðarmaður í fimm málum, meðal annars Gerðardómi Viðskiptaráðs Íslands og í gerðardómi á vegum Lagastofnunar Háskóla Íslands, auk þess sem hann hefur átt sæti ad hoc í gerðardómsmálum. Auk þess hefur hann verið dómandi við Endurupptökudóm frá ársbyrjun 2021. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála 2007-2013 og hefur setið í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands um hæfi stjórnarmanna fjármálaþyrirtækja, váttryggingamiðlara, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða í 11 ár, þar af sem formaður frá 2013. Hann sat í stjórn Löggildingarstofu 2003-2005, var formaður stjórnar Hoppdrættis Háskóla Íslands 2007-2023. Hann var varamaður í stjórn Samkeppniseftirlitsins 2005-2013 og aðalmaður 2013-2017, þar af stjórnarformaður 2014-2015. Þá var hann lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna árið 2008 og sömu nefndar um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparissjóðanna. Hann sat í stjórn Lögfræðingafélags Íslands á árunum

2007-2014, þar af sem formaður 2013-2014. Eyvindur hefur komið að vinnu við á annan tug lagafrumvarpa, bæði einn, í samvinnu við aðra og sem starfsmaður nefnda sem hafa undirbúið þau.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir er fædd 29. apríl 1964 og er því 60 ára. Hún lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992 og diplómanámi í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarskólun Háskóla Íslands 1996. Þá lauk hún meistaraþrófi í mannauðsstjórnun frá Strathclyde háskóla í Glasgow í Skotlandi 2001 og lagði stund á nám í sáttamiðlun við Háskólann í Kaupmannahöfn 2017. Auk þessa hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni. Hún öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður 1997. Að loknu embættisprófi starfaði hún í fjóra mánuði við þinglýsingar hjá Sýslumanninum í Kópavogi. Í lok árs 1992 hóf hún störf sem sérfræðingur og síðan deildarstjóri á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og starfaði þar til 1999, þar af tvö ár sem staðgengill skrifstofustjóra. Á árunum 1995-1997 var hún fulltrúi fjármálaráðuneytisins í sendinefnd Íslands hjá Evrópusambandinu með aðsetur í Brussel. Árin 2000-2001 starfaði hún sem starfsmannastjóri hjá Frjálsa fjárfestingabankanum hf. Umsækjandinn var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2001-2005 og svo aftur í átta mánuði 2011. Sat hún samhliða í háskólaráði og framkvæmdastjórn skólans á þessum tíma og gæðaráði hans 2003-2005. Jafnframt var hún lektor við skólann frá árinu 2002 og dósent þar frá 2008 og fram í ársbyrjun 2012. Helstu kennslugreinir hennar voru almenn lögfræði, lagahugsun og réttarheimspeki, skattaréttur, einkum alþjóðlegur skattaréttur og stjórnarsýsla skattamála. Enn fremur hefur hún verið leiðbeinandi við gerð BA-ritgerða við lagadeild Háskólans á Bifröst. Hún var stundakennari við Háskólann á Akureyri 2011 og 2012 jafnframt verið gestafyrirlesari við Háskólann í Reykjavík og úrskurðað í kærumálum vegna prófa í aðferðafræði við sama skóla. Í mars 2012 var Ingibjörg sett héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur og gegndi því embætti þar til hún var skipuð héraðsdómari í byrjun árs 2013. Þá var hún skipuð dómstjóri við dóminn í maí 2021, til fimm ára. Hún var settur dómari í Hæstarétti í fimm málum á árinu 2018 og einu á árinu 2021. Auk þess var hún forseti Félagsdóms ad hoc í einu máli á árinu 2021. Hún getur um þrjár ritrýndar fræðigreinar auk fimm annarra ritsmíða en í tveimur tilvikum er getið um meðhöfunda. Flestar greinarnar eru á sviði skattaréttar. Þá getur hún um eina

kennslubók, *Lögfræði, réttarheimildir og aðferð lögfræðinnar* (2010). Einnig hefur hún unnið að tveimur viðtækum rannsóknarverkefnum fyrir erlenda aðila og flutt fjölmarga fyrirlestra um lögfræðileg efni. Ingibjörg var formaður kærunefndar greiðsluaðlögunarmála 2010-2012. Hún var varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins 2011-2013 og sat í prófnefnd verðbréfavíðskipta 2011-2012. Hún átti sæti í landskjörstjórn 2003-2006 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður 1999-2003. Á árunum 1992-1994 var hún framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar í hlutastarfi. Umsækjandinn sat í stjórn Háskólans á Bifröst 2012-2013. Þá sat hún í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2014-2019, þar af sem varaformaður 2014-2017 og formaður félagsins 2017-2019. Hún sat í stjórn SEND 2016-2019 og var varamaður í dómstólaráði 2015-2020. Hún sat í fjölmörgum nefndum, m.a. nefnd um gerð tvísköttunarsamninga 1997-1999 og kom að samningu fjölda lagafrumvarpa og reglugerða meðan hún gegndi störfum í fjármálaráðuneytinu. Loks var hún í hópi vararíkissáttasemjara við embætti ríkissáttasemjara á árunum 2019-2021.

Skúli Magnússon er fæddur 14. október 1969 og er því 54 ára. Hann lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1995 og meistaragráðu við lagadeild Oxford háskóla í Bretlandi í október 1998. Hann öðlaðist réttindi sem héraðsdómslögmaður í apríl 1997. Að loknu embættisprófi starfaði hann sem fulltrúi sýslumannsins í Keflavík um þriggja mánaða skeið. Í september 1995 var hann settur dómarafulltrúi við Héraðsdóm Reykjaness en skipaður í sama starf í september 1996 og gegndi því fram í október 1997. Frá janúar 1999 til ágúst 2000 starfaði hann sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara en tók þá við stöðu lektors við lagadeild Háskóla Íslands og síðar stöðu dósents frá október 2002. Skúli var í febrúar 2004 skipaður héraðsdómari og gegndi því starfi þar til í apríl 2007 þegar honum var veitt leyfi til þess að taka við starfi skrifstofustjóra EFTA-dómstólsins. Hann tók á ný við embætti héraðsdómara í september 2012 og í apríl 2021 var hann skipaður dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur. Frá og með 1. maí 2021 var hann kjörinn umboðsmaður Alþingis til fjögurra ára. Skúli hefur verið settur dómari í einstökum málum við Hæstarétt, var settur dómari við Landsrétt frá janúar til mars 2021, hefur setið í fimm gerðardómsmálum og var varadómari við Mannréttindadómstól Evrópu árin 2010-2021. Auk fyrirnefndra starfa við kennslu við lagadeild Háskóla Íslands var hann

stundakennari við deildina 1995 og 1997-1999 og sinnti hlutastarfi við kennslu meðfram öðrum störfum frá febrúar 2004 til vors 2021. Helstu kennslugreinar hans hafa verið almenn lögfræði, heimspekileg forspjallsvísindi, réttarheimspeki, lögskýringar og „Topics in Jurisprudence and Constitutional Theory“ en hann hefur jafnframt annast kennslu á fleiri sviðum. Hann kenndi á námskeiðum fyrir próf í verðbréfamiðlun árin 2000-2003 og á námskeiðum við stofnun stjórnsýslufræða 2022-2024. Þá var hann gestafræðimaður við Oxford-háskóla haustið 2020, hefur haft umsjón með einu doktorsverkefni og haldið ýmis erindi hérlendis og erlendis. Skúli hefur ritað bækurnar *Hin lagalega aðferð og réttarheimildir* (2003) sem hann er einn höfundur að og *Handbók um opinber innkaup* (2004), *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska Efnahagssvæðisins – Megindrættir* (2011) og *Kaflar í réttarheimspeki* (2014) sem hann ritaði ásamt öðrum. Auk þess hefur hann fengið birtar yfir 40 greinar og bókarkafla á sviði lögfræði og er hluti þeirra ritrýndar. Þá hefur hann einnig sinnt ritstjórn. Meðal annarra aukastarfa umsækjandans má nefna að hann var ritari kærunefndar útboðsmála 1999-2007 og formaður nefndarinnar frá maí 2013 til apríl 2019. Hann var formaður Dómarafélags Íslands 2013-2018, var kosinn í stjórnlaganefnd af Alþingi árið 2010, sat í stjórnarskrárnefnd 2013-2014 auk þess sem hann sat í stjórnlagaráði grænlenka þingsins sem sérfræðingur á árunum 2017-2022. Þá hefur hann setið í nefndum sem fengist hafa við stefnumótun, undirbúning og gerð nokkurra lagafrumvarpa. Auk þess var hann varamaður í kærunefnd upplýsingamála árin 2005-2007, varamaður í gjafsóknarnefnd 2020-2021 og varamaður í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti dómara 2020-2021.

5. Mat á umsækjendum

5.1 Almenn starfshæfni og andlegt atgervi

Í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 50/2016 er í átta töluliðum mælt fyrir um þau almennu hæfisskilyrði sem umsækjendur um embætti hæstaréttardómara þurfa að uppfylla til að skipa megí þau í embættið. Meðal þessara skilyrða eru að umsækjandi sé svo á sig kominn andlega og líkamlega að hann geti gegnt embættinu, sbr. 3. tölulið, hafi ekki sýnt af sér háttsemi, sem getur rýrt það traust sem dómarar verða almennt að njóta,

sbr. 5. tölulið, hafi lokið embættisprófi eða grunnnámi ásamt meistaraprófi í lögum, sbr. 6. tölulið og kafla 5.2 hér á eftir, og teljist vera hæfur til að gegna embættinu í ljósi starfsferils síns og lögfræðilegrar þekkingar, sbr. 8. tölulið. Eins og áður greinir hefur ráðherra, í samræmi við 3. gr. reglna nr. 970/2020, látið staðreyna að umsækjendurnir uppfylli öll þessi hæfisskilyrði.

Í 3. tölulið 4. gr. reglnanna kemur fram að við mat á almennri starfshæfni skuli dómnefnd líta til þess hvort umsækjandi hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi og hvort hann eigi auðvelt með að skilja aðalatriði frá aukaatriðum. Þá segir einnig að umsækjandi skuli hafa góða þekkingu á íslensku máli og eiga auðvelt með að tjá sig í ræðu og riti. Enn fremur er tekið fram í 5. tölulið 4. gr. að umsækjandi þurfi að eiga auðvelt með mannleg samskipti, bæði við samstarfsmenn og þá sem erindi eiga við hann. Gerð sé krafa um að af umsækjanda fari gott orð, bæði í fyrri störfum og utan starfa og að reglusemi hans sé í engu ábótavant.

Svo sem áður greinir var meðal annars áskilið í auglýsingu um dómaraembættið að fram kæmu í umsóknum upplýsingar um tvo fyrrverandi eða núverandi samstarfsmenn eða yfirmenn sem gætu veitt dómnefnd bæði munnlega og skriflega upplýsingar um störf og samstarfshæfni hlutaðeigandi umsækjanda. Þær umsagnir sem nefndin aflaði hjá þessum umsagnaraðilum um störf umsækjenda og persónulega eiginleika þeirra voru undantekningalaust jákvæðar í þeirra garð.

Af þessum umsögnum og athugunum nefndarinnar verður ráðið, eins og áður er fram komið, að allir umsækjendur uppfylli þær lágmarkskröfur sem gera verður til starfshæfni hæstaréttardómara samkvæmt 3. og 5. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020.

5.2 Menntun og framhaldsmenntun

Aðalsteinn E. Jónasson lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands í febrúar 1992. Hann lauk meistaránámi frá lagadeild Harvard háskóla árið 2000 með áherslu á löggiöf á fjármagnsmarkaði. Auk þess hefur hann sótt ýmis námskeið héraðs og erlendis.

Eyvindur G. Gunnarsson lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1996 og meistaraprófi frá Duke University School of Law í Norður Karólínu árið 1998.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir lauk embættisprófi frá lagadeild Háskóla Íslands árið 1992 og diplómanámi í viðskipta- og rekstrarfræði frá Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands árið 1996. Þá lauk hún meistaraþrófi í mannauðsstjórnun frá Strathclyde háskóla í Glasgow í Skotlandi 2001 og lagði stund á nám í sáttamiðlun við Háskólann í Kaupmannahöfn 2017. Auk þessa hefur hún sótt ýmis námskeið um lögfræðileg efni.

Skúli Magnússon lauk embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1995 og meistaraþróðu við lagadeild Oxford háskóla í Bretlandi í október 1998.

5.1.1 Menntun og framhaldsmenntun – samanburður

Að virtu því sem að framan greinir er það mat dómnefndar að allir umsækjendur standi nokkuð jafnt í þeim þætti hæfnismatsins er lýtur að menntun þar sem þau eru öll með meistaraþróðu til viðbótar við embættispróf í lögfræði. *Aðalsteinn, Eyvindur* og *Skúli* þykja þó standa feti frammar *Ingibjörgu* þar sem þeir hafa allir lokið viðbótarmeistaraþróðu í lögfræði í framhaldsnámi og verður ekki gert upp á milli þeirra þriggja. Meistaránám hennar og annað framhaldsnám var hins vegar aðeins að hluta til á sviði lögfræði.

5.3 Reynsla af dómstörfum

Aðalsteinn E. Jónasson hefur verið dómari við Landsrétt frá 1. janúar 2018, eða í rúm sex ár. Hann var settur dómari við Hæstarétt í sjö málum árið 2018 og í einu máli árið 2023. Þá hefur hann verið varadómandi við Endurupptökudóm frá 1. febrúar 2021 og setið þar sem dómsformaður í 18 málum.

Eyvindur G. Gunnarsson var settur dómari við Hæstarétt í tíu málum árið 2018 og hefur verið settur dómari í einu máli fyrir Landsrétti. Hann var aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur um tveggja ára skeið 1998-2000 og hefur verið dómandi við Endurupptökudóm frá ársbyrjun 2021 og setið þar í dómi í 52 málum. Auk þess hefur hann verið gerðarmaður í fimm málum.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir hefur gegnt embætti héraðsdómara við Héraðsdóm Reykjavíkur frá mars 2012 eða í rúm 12 ár, þar af sem dómstjóri frá maí 2021. Hún var

settur dómari í Hæstarétti í fimm málum árið 2018 og í einu máli á árinu 2021. Auk þess var hún forseti Félagsdóms ad hoc í einu máli á árinu 2021.

Skúli Magnússon gegndi stöðu dómarafulltrúa við Héraðsdóm Reykjaness um tveggja ára skeið 1995-1997. Frá janúar 1999 til ágúst 2000 starfaði hann sem aðstoðarmaður hæstaréttardómara en í febrúar 2004 var hann skipaður héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur. Hann gegndi því embætti til maí 2021 en var í leyfi frá apríl 2007 til september 2012 vegna annarra starfa. Hann hefur verið settur dómari í sex málum við Hæstarétt, var settur dómari við Landsrétt frá janúar til mars 2021, hefur setið í fimm gerðardómsmálum og var varadómari við Mannréttindadómstól Evrópu árin 2010- 2021.

5.3.1 *Reynsla af dómstörfum – samanburður*

Samkvæmt framansögðu hafa allir umsækjendur reynslu af dómstörfum þótt í mismiklum mæli sé. Við mat á hæfni þeirra að því er þennan þátt varðar er fyrst og fremst litið til starfstíma þeirra sem skipaðra eða settra dómara þar sem þau leystu úr málum á eigin ábyrgð og við hvaða dómstóla þau hafa starfað. Í þessu felst að öðru jöfnu vegur starfsreynsla á áfrýjunardómstigi þyngra en jafn löng starfsreynsla í héraðsdómi. Einnig verður horft til starfa umsækjenda sem dómarafulltrúar eða aðstoðarmenn dómara þótt þau störf hafi mun minna vægi en störf sjálfstætt starfandi dómara. Loks er í þessum matsþætti höfð hliðsjón af reynslu umsækjenda af því að hafa setið sem varadómarar í einstökum málum í Hæstarétti og Landsrétti og tekið þátt í störfum annarra fjölskipaðra dómstóla, þ. á m. gerðardóma.

Að öllu þessu virtu er það mat nefndarinnar að hvað dómara-reynslu varðar standi þau Aðalsteinn, Ingibjörg og Skúli nokkuð jafnt að vígi. *Skúli* telst þó standa fremstur í þessum þætti hæfnismatsins. Það sem vegur þyngst í því efni eru störf hans sem héraðsdómari í um 13 ár en auk þess hefur hann meðal annars verið settur dómari við Landsrétt tímabundið, verið settur dómari í sex málum við Hæstarétt og gegnt starfi bæði dómarafulltrúa og aðstoðarmanns hæstaréttardómara. Næst honum kemur *Ingibjörg*, sem hefur verið héraðsdómari í rúm 12 ár, verið sett dómari í Hæstarétti í sex málum og verið sett sem forseti Félagsdóms í einu máli. Þá kemur *Aðalsteinn* sem hefur verið landsréttardómari í rúm sex ár, varadómandi við Endurupptökudóm í rúm þrjú

árog verið settur dómari í Hæstarétti í átta málum. *Eyvindur* hefur verið settur dómari við Hæstarétt í tíu málum, settur dómari í einu máli fyrir Landsrétti, aðstoðarmaður dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur um tveggja ára skeið og dómandi við Endurupptökudóm frá ársbyrjun 2021. Reynsla hans af dómstörfum er minni en annarra umsækjenda.

5.4 Reynsla af lögmanns- og málflytningsstörfum

Aðalsteinn E. Jónasson hlaut réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi 1993 og Hæstarétti 1998. Hann hóf störf að loknu embættisprófi 1992 sem fulltrúi á lögmannsstofu og frá 1993 sem sjálfstætt starfandi lögmaður. Árshlé varð á lögmannsstörfum vegna framhaldsnáms 1999-2000. Á tímabilinu frá 2000-2010 vann hann ýmist í hálfu eða fullu starfi sem lögmaður, þ. á m. hjá tveimur bönkum og fjárfestingafélagi meðfram störfum sínum við Háskólann í Reykjavík. Verður miðað við að sá þáttur sem snýr að lögmennsku á þessu tímabili hafi tekið yfir sem næst helming þess. Árið 2010 hóf hann að nýju störf sem lögmaður í fullu starfi. Reynsla hans af lögmennsku spannar því tæp 20 ár, þar af sem héraðsdóms- og hæstaréttarlögmaður í nærfellt 19 ár. Auk þess að flytja fjölda mála fyrir héraðsdómi og Hæstarétti hefur hann annast almenn ráðgjafarstörf fyrir fyrirtæki, samtök fjármálafyrirtækja, stjórnvöld, sveitarfélög og stofnanir. Þá veitti hann skilanefndum föllnu bankanna ráðgjöf.

Eyvindur G. Gunnarsson hlaut réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi 1997 og Hæstarétti 2006. Hann var sjálfstætt starfandi lögmaður frá 2000 til 2006 eða í sex ár og hefur flutt um 50 mál fyrir dómi.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir hlaut réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi 1997 en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflytningsstörfum.

Skúli Magnússon hlaut réttindi til málflytnings fyrir héraðsdómi 1997 en hefur ekki reynslu af lögmanns- eða málflytningsstörfum.

5.4.1 Reynsla af lögmanns- og málflytningsstörfum – samanburður

Tveir af fjórum umsækjendum hafa fengist við lögmanns- og málflytningsstörf en þó í mislangan tíma. Við samanburð á hæfni þeirra vegna reynslu af þeim störfum er

einkum lítið til þess hve langan feril þeir eiga að baki sem sjálfstætt starfandi lögmennt, en einnig horft til þess hvort störfin hafi verið fjölbreytileg þannig að þeir hafi fengist við mál á sem flestum réttarsviðum. Einnig verður höfð hliðsjón af störfum umsækjenda á lögmannsstofum áður en þau fengu lögmannsréttindi, en sú reynsla vegur þó tiltölulega lítið. Þá er tekið mið af því ef umsækjendur sinntu öðrum viðfangsefnum samhliða lögmannsstörfum en þau koma til mats í viðeigandi þáttum hæfnismats.

Með skírskotun til þess sem að framan segir stendur *Aðalsteinn* fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats en hann hefur starfað sem lögmaður á ólíkum réttarsviðum í 19 ár. Þar á eftir kemur *Eyvindur* sem var sjálfstætt starfandi lögmaður í sex ár. *Ingibjörg* og *Skáli* hafa ekki starfað sem lögmennt.

5.5 Reynsla af stjórnslustörfum

Hér á eftir verða rakin helstu stjórnslustörf sem umsækjendur hafa haft með höndum.

Aðalsteinn E. Jónasson var varaformaður stjórnar Persónuverndar frá október 2007 til júlí 2020 eða í 13 ár. Varaformaður er einn af fimm föstum aðalmönnum í stjórn stofnunarinnar og hefur hann tekið við sem formaður stjórnar í forföllum formanns, eitt sinn um lengri tíma. Hann var formaður úrskurðarnefndar verðbréfamiðstöðva 2009-2013 en nefndin kvað upp þrjá úrskurði á tímabilinu. Frá apríl 2009 til mars 2010 starfaði hann fyrir rannsóknarnefnd Alþingis sem hafði það hlutverk að rannsaka aðdraganda og orsakir falls bankanna haustið 2008. Þá hefur hann í tvígang verið settur formaður nefndar um dómarastörf. Hann hefur jafnframt setið í kennsluþróunarráði, námsþróunarráði og rannsóknarráði Háskólans í Reykjavík.

Eyvindur G. Gunnarsson starfaði að loknu lagaprófi 1996 um rúmlega eins árs skeið í umhverfisráðuneytinu þar sem meginhluti starfs hans fólst í að semja úrskurði á ábyrgð ráðherra í skipulags- og byggingarmálum og málum vegna mats á umhverfisáhrifum, alls um 20 úrskurði. Hann starfaði á árinu 2000 í um sex mánuði sem sérfræðingur í iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu en það starf fólst að miklu leyti í undirbúningi lagasetningar. Á árinu 2002 sat hann í samkeppnisráði ad hoc í tveimur málum. Hann var framkvæmdastjóri prófnefndar löggiltra fasteigna-, fyrirtækja- og

skipasala árin 1998-2003 og sat í nefndinni árin 1999-2004. Hann var stjórnarformaður Flutningsjöfnunarsjóðs sements árin 2002-2004 og sat í stjórn Löggildingarstofu árin 2003-2005. Hann sat í áfrýjunarnefnd neytendamála frá 2007 til 2013 og sat þar í 90 málum. Þá var hann varamaður í Endurupptökunefnd árin 2013-2017 og tók þar sæti í nokkrum málum. Hann sat um árabil í stjórn Samkeppniseftirlitsins, sem varamaður árin 2005-2013 og aðalmaður árin 2013-2017, þar af sem stjórnarformaður árin 2014-2015. Árin 2013-2017 sat hann í prófnefnd verðbréfavíðskipta. Þá var hann forseti lagadeildar Háskóla Íslands um þriggja ára skeið. Hann hefur frá 2013 setið í ráðgjafarnefnd Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða og verið formaður hennar frá 2015, formaður viðurlaganefndar Nasdaq Iceland hf. frá 2013 og frá 2007 formaður fastanefndar dómsmálaráðuneytis á sviði happdrættismála. Að auki hefur hann gegnt ýmsum stjórnarsýslustörfum innan Háskóla Íslands, svo sem formennsku í stjórn Happprættis Háskóla Íslands í um 16 ár, setið í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands í sex ár, verið varamaður í háskólaráði og setið í kærunefnd í málefnum nemenda skólans. Auk þess hefur hann setið í vísindanefnd lagadeildar Háskóla Íslands, vísindanefnd félagsvísindasviðs hans, jafnréttisnefnd sama sviðs, dómnefndum, prófnefndum, valnefndum og sjálfsmatsnefndum.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir starfaði í fjóra mánuði við þinglýsingar hjá Sýslumanninum í Kópavogi árið 1992 og síðan á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins árin 1992-1999, þar af sem staðgengill skrifstofustjóra í tvö ár. Á árunum 1995-1997 var hún fulltrúi fjármálaráðuneytisins í sendinefnd Íslands hjá Evrópusambandinu með aðsetur í Brussel. Hún sat í fjölmörgum nefndum, m.a. nefnd um gerð tvísköttunarsamninga 1997-1999 og kom að samningu fjölda lagafrumvarpa og reglugerða meðan hún gegndi störfum í fjármálaráðuneytinu. Hún var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2001-2005 og svo aftur í átta mánuði 2011. Þá var hún formaður kærunefndar greiðsluaðlögunarmála á árunum 2010-2012 og varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins 2011-2013. Hún átti sæti í landskjörstjórn 2003-2006 og í yfirkjörstjórn Reykjavíkurborgar norður 1999-2003. Auk þess var hún varamaður í dómstólaráði 2015-2020.

Skúli Magnússon hefur gegnt embætti umboðsmanns Alþingis frá 1. maí 2021. Hann starfaði sem skrifstofustjóri EFTA-dómstólsins árin 2007-2012. Hann var fulltrúi sýslumannsins í Keflavík um þriggja mánaða skeið á árinu 1995. Hann var ritari kærunefndar útboðsmála 1999-2007 en formaður nefndarinnar frá maí 2013 til apríl 2019. Þá var hann varamaður í kærunefnd upplýsingamála árin 2005-2007, varamaður í gjafsóknarnefnd 2020-2021 og varamaður í dómnefnd til að fjalla um hæfni umsækjenda um embætti dómara 2020-2021.

5.5.1 *Reynsla af stjórnáslustörfum – samanburður*

Í þessum þætti hæfnismats hafa allir umsækjendur greint frá störfum sem geta falið í sér reynslu af stjórnáslustörfum. Þrír umsækjenda, Eyvindur, Ingibjörg og Skúli, hafa gegnt stjórnáslustarfi sem aðalstarfi um lengri eða skemmri tíma. Í öðrum tilvikum hafa stjórnásluverkefni verið innt af hendi samhliða aðalstarfi og vega þar af leiðandi ekki jafn þungt við mat á hæfni vegna stjórnáslureynslu og ef um aðalstarf hefði verið að ræða. Þó skiptir máli hversu vel reynsla í slíkum störfum nýtist dómaraefni, sbr. 2. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020, svo sem seta í úrskurðarnefndum sem halda má fram að verði að nokkru leyti lögð að jöfnu við dómstörf. Eins og endranær verður litið til framangreindra starfa og þeim gefið vægi eftir umfangi, fjölbreytni og lengd starfstíma. Tekið skal fram að reynsla af stjórnun er sérstakur matsþáttur.

Að öllu þessu virtu er það mat dómnefndar að *Skúli* standi fremstur umsækjenda að því er varðar stjórnáslureynslu, einkum vegna starfs hans sem umboðsmaður Alþingis en hann hefur einnig starfað sem skrifstofustjóri EFTA-dómstólsins og gegnt aukastöfum innan stjórnáslunnar. Næst honum kemur *Ingibjörg* sem starfaði í fjármálaráðuneytinu í sjö ár, var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst og hefur átt sæti stjórnáslunefndum. Þá kemur *Eyvindur* sem hefur reynslu af því að starfa í ráðuneytum, var forseti lagadeildar Háskóla Íslands um þriggja ára skeið og hefur sinnt stjórnáslu í mörgum stjórnáslunefndum. Loks kemur *Aðalsteinn* sem hefur sinnt aukastörfum í stjórnáslunni.

5.6 Reynsla af fræðistörfum o.fl.

5.6.1 Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf

Aðalsteinn E. Jónasson var lektor í hálfu starfi við lagadeild Háskólans í Reykjavík árin 2002-2006, en í fullu starfi í fimm mánuði 2007. Frá ársbyrjun 2008 til miðs árs 2011 var hann dósent í fullu starfi við deildina. Í störfum sínum fyrir hana annaðist umsækjandinn fyrst og fremst kennslu í samninga-, skaðabóta- og kröfurétti annars vegar og verðbréfamarkaðsrétti hins vegar. Þá hafði hann umsjón með BA-ritgerðum og meistararitgerðum auk þess sem hann var reglulega prófdómari á þessu tímabili. Áður en umsækjandinn hóf störf hjá lagadeild Háskólans í Reykjavík var hann stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 2001-2002 auk þess að hafa umsjón með lokaritgerðum. Hann annaðist kennslu á námskeiðum Lögmannafélags Íslands og á námskeiði fyrir verðbréfamiðlara 2000-2003. Kennsluferill umsækjandans spannar þannig níu ár, þar af fjögur ár í fullu starfi.

Eyvindur G. Gunnarsson hóf haustið 1999 kennslu við lagadeild Háskóla Íslands sem stundakennari. Hann varð í ársbyrjun 2005 lektor við deildina, fyrst í hlutastarfi, en í fullu starfi í árslok 2006, dósent árið 2010 og hefur verið prófessor þar frá árinu 2013. Helstu kennslugreinar hans hafa verið kröfuréttur, samningaréttur, alþjóðlegur einkamálaréttur, félagaréttur og eignaréttur. Þá kenndi hann á námskeiði til öflunar réttinda til að verða héraðsdómslögmaður frá 2007 til 2021 og í námi til löggildingar fasteignasala frá 1998 til 2022. Auk þess hefur hann leiðbeint fjölda nemenda við meistararitgerðir á háskólastigi.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir var stundakennari við lagadeild og viðskiptadeild Háskólans á Bifröst frá árinu 2001, varð lektor við lagadeildina 2002 og síðar dósent 2008-2012. Helstu kennslugreinar hennar voru almenn lögfræði, lagahugsun og réttarheimspeki, skattaréttur, einkum alþjóðlegur skattaréttur og stjórnsýsla skattamála. Enn fremur hefur hún verið leiðbeinandi við ritun BA-ritgerða við lagadeild Háskólans á Bifröst. Hún var stundakennari við Háskólann á Akureyri 2011 og 2012 jafnframt sem hún hefur verið gestafyrirlesari við Háskólann í Reykjavík og úrskurðað í kærumálum vegna prófa í aðferðafræði við sama skóla.

Skúli Magnússon var stundakennari við lagadeild Háskóla Íslands 1995 og 1997-1999. Hann var lektor við deildina 2000-2002 en dósent í fullu starfi frá 2002-2004. Frá febrúar 2004 til vors 2021 sinnti hann kennslu við deildina meðferð öðrum störfum í 20% starfshlutfalli. Helstu kennslugreinar hans voru almenn lögfræði, heimspekileg forspjallsvísindi, réttarheimspeki, lögskýringar og „Topics in Jurisprudence and Constitutional Theory“ en hann annaðist einnig kennslu á fleiri sviðum. Hann kenndi á námskeiðum fyrir próf í verðbréfamiðlun árin 2000-2003 og á námskeiðum við Stofnun stjórnsýslufræða 2022-2024. Þá var hann gestafræðimaður við Oxford-háskóla haustið 2020. Hann hefur haft umsjón með einu doktorsverkefni og haldið ýmis erindi hérlandis og erlendis.

5.6.1.1 Kennsla á háskólastigi og önnur akademísk störf – samanburður

Þegar horft er til þess sem að framan er rakið hefur *Eyvindur* sinnt kennslu í 25 ár og þar af í fullu starfi í rúm 17 ár. Stendur hann öðrum umsækjendum því framur í þessum matsþætti. *Ingibjörg* kemur næst en hún hefur fengist við kennslu í lögfræði á háskólastigi í um 11 ár í fullu starfi. Á eftir henni kemur *Skúli* sem hefur kennt lögfræði á háskólastigi í rúm 20 ár en lengst af í 20% starfshlutfalli. Þá kemur *Aðalsteinn* sem hefur sinnt kennslu í níu ár, þar af fjögur ár í fullu starfi.

5.6.2 Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl.

Aðalsteinn E. Jónasson hefur gefið út tvær bækur um lögfræðileg efni, *Viðskipti með fjármálagerninga* (2009), en bókin er að hluta til byggð á áður birtum fræðigreinum, og *Markaðssvik* (2017). Hluti bókarinnar er endurskoðun á fyrri bók en að meirihluta nýtt efni. Auk þess mun bókin *Verðbréfamarkaðsréttur I – Markaðir og viðskipti með fjármálagerninga* væntanlega koma út síðar á þessu ári. Þá hefur hann ritað þrjá bókakafla um lögfræðileg efni sem hafa verið birtir í íslenskum og erlendum ritum. Fræðiskrif hans eru einkum á sviði fjármunaréttar, fjármálamarkaða, verðbréfavíðskipta og tengdra greina. Hann hefur ritað 19 ritrýndar fræðigreinar um lögfræðileg efni.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur ritað bókina *Dómar í þinglýsingarmálum 1920-2010* (2010) sem hann er einn höfundur að og er höfundur ásamt öðrum að bókunum

Kröfuréttur I (2009), *Kröfuréttur II* (2011), *Þinglýsingalög – skýringarit* (2011), *Kröfuréttur III* (2019) og *Hrunréttur* (2019). Þá hefur hann ritað yfir 40 greinar og bókarkafla í tímaritum og afmælisritum bæði hér á landi og erlendis og eru flestar greinanna ritrýndar. Þá hefur hann ritað viðamiklar skýrslur og álitsgerðir sem birst hafa opinberlega. Enn fremur hefur hann sinnt ritstjórn, ritrýnt tugi fræðilegra greina og þrjár bækur.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir hefur ritað þrjár ritrýndar fræðigreinar auk fimm annarra ritsmiða. Í tveimur tilvikum er getið um meðhöfunda. Flestar greinarnar eru á sviði skattaréttar. Þá hefur hún ritað eina kennslubók, *Lögfræði, réttarheimildir og aðferð lögfræðinnar* (2010). Einnig hefur hún unnið að tveimur viðtækum rannsóknarverkefnum fyrir erlenda aðila og flutt fjölmarga fyrirlestra um lögfræðileg efni.

Skúli Magnússon hefur ritað bækurnar *Hin lagalega aðferð og réttarheimildir* (2003) sem hann er einn höfundur að og *Handbók um opinber innkaup* (2004), *Réttarkerfi Evrópusambandsins og Evrópska Efnahagssvæðisins – Megindrættir* (2011) og *Kaflar í réttarheimspeki* (2014) sem hann ritaði ásamt öðrum. Auk þess hefur hann ritað yfir 40 greinar og bókarkafla á sviði lögfræði bæði hérlendis og erlendis og er hluti ritsmiðanna ritrýndur. Þá hefur hann einnig sinnt ritstjórn, ritað úttektir og skýrslur ýmist einn eða með öðrum fyrir ýmsa opinbera aðila

5.6.2.1 Útgefnar greinar og bækur, ritstjórn o.fl. – samanburður

Í þessum þætti er lagt mat á hæfni umsækjenda á grundvelli fræðiskrifa þeirra, fyrst og fremst fræðigreina og annarra skrifa um lögfræðileg efni. Við matið er litið til gæða þeirra, fjölda, umfangs og fjölbreytni, auk þess sem horft er til þess hvort hlutadeigandi umsækjandi hafi ritað efnið einn eða í samvinnu við aðra. Þá er loks höfð hliðsjón af fyrirlestrum sem umsækjendur hafa flutt um lögfræðileg efni á ráðstefnum, fundum eða öðrum áþekktum vettvangi. Síðastnefndi þátturinn er þó tiltölulega léttvægur í samanburði við fræðiskrif. Þrír umsækjenda hafa verið afkastamiklir á fræðilegum vettvangi. Við mat á virkni þeirra er jafnframt litið til þess að skörunar gætir í nokkrum tilvikum milli birtra fræðigreina og efnis bóka, mismikið þó hjá einstökum umsækjendum.

Þeir Skúli, Eyvindur og Aðalsteinn hafa allir ritað fjölda ritrýndra og óritrýndra bóka, bókarkafla og fræðigreina á sviði lögfræði og er tiltölulega lítill munur á rannsóknarvirkni þeirra. Með skírskotun til þess sem að framan greinir stendur *Skúli* framar öðrum umsækjendum í þessum hluta hæfnismats. Ritverk hans bera þess merki að hann hefur verið afkastamikill á fræðilegum vettvangi og þau eru á mjög mörgum sviðum lögfræðinnar. Næstur honum kemur *Eyvindur* sem hefur einnig verið afkastamikill á fræðilegum vettvangi á nokkuð fjölbreyttum réttarsviðum. Þá kemur *Aðalsteinn* sem hefur verið mjög afkastamikill í fræðistörfum en á þrengra sviði en hinir tveir. Fræðiskrif *Ingibjargar* eru hins vegar takmarkaðri en hinna umsækjenda.

5.7 Reynsla af stjórnun

Aðalsteinn E. Jónasson var stjórnarformaður Eignarhaldsfélagsins 1912 ehf., Nathans & Olsens hf., Ekrunnar ehf. og 1912 ehf. („1912 samstæðunnar“) á árunum 2012 til 2017. Hann var forstöðumaður Fjármálaréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík 2007-2011 en hafði verið formaður stjórnar hennar 2003-2007. Frá 2000 var umsækjandinn framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Íslandsbanka-FBA hf. og gegndi því starfi til loka árs 2002. Sem yfirmaður lögfræðideilda bankanna hafði hann mannaforráð auk þess að eiga sæti í framkvæmdastjórn. Árið 2004 var hann ráðinn sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs hjá Straumi-Burðarási hf. og gegndi því starfi samhliða því að vera lektor við lagadeild Háskólans í Reykjavík til september 2006. Samhliða kennslu og rannsóknum við háskólann starfaði hann sem framkvæmdastjóri lögfræðisviðs Gnúps fjárfestingafélags hf. frá október 2006 til ársloka 2007. Þá hefur umsækjandinn verið varaformaður stjórnar Persónuverndar frá 2007. Einnig var hann formaður nefndar um dómarastörf *ad hoc* í tveimur málum 2009 og formaður úrskurðarnefndar verðbréfamíðstöðva 2009-2013. Hann sat í stjórn LEX lögmannsstofu 2011-2015 og frá nóvember 2016 til 2017 var hann einn stjórnarmanna í Fossum mörkuðum hf. sem er verðbréfafyrirtæki.

Eyvindur G. Gunnarsson var frá 2013 til 2016 deildarforseti lagadeildar Háskóla Íslands og hefur verið varaformaður Lagastofnunar hans. Frá árinu 2007 og fram í febrúar 2023 var hann stjórnarformaður Happpdrættis Háskóla Íslands. Hann sat í fjögur ár í aðalstjórn Samkeppniseftirlitsins, þar af sem formaður hennar um eins árs skeið og átta ár í varastjórn stofnunarinnar. Frá árinu 2015 hefur hann verið formaður ráðgjafarnefndar Fjármálaeftirlits Seðlabankans um hæfi stjórnarmanna

fjármálafyrirtækja, váttryggingamiðlana, váttryggingafélaga og lífeyrissjóða. Þá hefur hann verið formaður viðurlaganefndar Nasdaq Iceland hf. frá 2013.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir starfaði sem starfsmannastjóri hjá Frjálsa fjárfestingabankanum árin 2000-2001 og hefur verið dómstjóri við Héraðsdóm Reykjavíkur frá maí 2021. Hún var deildarforseti lagadeildar Háskólans á Bifröst 2001-2005 og svo aftur í átta mánuði 2011 og sat hún samhliða í háskólaráði og framkvæmdastjórn skólans á þessum tíma og stýrði um tíma gæðaráði hans. Á árunum 1992-1994 var hún framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar í hlutastarfi. Hún var staðgengill skrifstofustjóra á tekju- og lagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins 1997-1999 og sinnti starfi skrifstofustjóra í fjóra mánuði á árinu 1999. Hún var varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins 2011-2013, formaður kæruneftndar greiðsluaðlögunarmála 2010-2012 og sat í stjórn Háskólans á Bifröst 2012-2013. Þá sat hún í stjórn Dómarafélags Íslands frá 2014-2019, þar af sem varaformaður 2014-2017 og formaður félagsins 2017-2019, og sat auk þess í stjórn SEND 2016-2019.

Skúli Magnússon gegndi starfi skrifstofustjóra við EFTA-dómstólinn 2007-2012. Hann var skipaður dómstjóri Héraðsdóms Reykjavíkur í apríl 2021 en tók við starfi umboðsmanns Alþingis í maí sama ár og hefur gegnt því síðan. Hann var formaður kæruneftndar útboðsmála 2013-2019 og formaður Dómarafélags Íslands 2013-2018.

5.7.1 *Reynsla af stjórnun – samanburður*

Í þessum þætti kemur til skoðunar reynsla umsækjenda af margvíslegum viðfangsefnum sem eiga það öll sameiginlegt að hafa falið í sér stjórnun í einni eða annarri mynd. Við mat á hæfni umsækjenda er litið til þess í hverju slík störf hafa verið fólgin, þar á meðal hversu góður undirbúningur felst í þeim fyrir starf hæstaréttardómara. Þá skiptir sömuleiðis máli hve lengi umsækjendur hafa sinnt slíkum störfum þar sem fyrstu árin vega sem endranær mun þyngra en árin sem á eftir fara.

Að þessu gættu standa *Ingibjörg* og *Skúli* fremst umsækjenda en þau hafa m.a. í jafn langan tíma verið forstöðumenn ríkisstofnana og verður ekki gert upp á milli þeirra hvað þennan matsþátt varðar. Á eftir þeim koma jafnsettir *Aðalsteinn* og *Eyvindur*.

5.8 Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl.

Aðalsteinn E. Jónasson var árið 2001 skipaður í nefnd af iðnaðar- og viðskiptaráðherra sem samdi frumvarp er varð að lögum nr. 161/2002 um fjármála-fyrirtæki. Hann var í laganefnd European Banking Federation 2000-2002. Þá sat hann í laganefnd Lögmannafélags Íslands 1996-1999 og hefur setið í réttarfarsnefnd frá 1. mars 2022.

Eyvindur G. Gunnarsson hefur mikla reynslu af samningu lagafrumvarpa fyrir ráðuneyti, ýmist einn eða með öðrum, auk þess sem hann hefur margoft verið óformlega til ráðgjafar. Þá hefur hann setið í nefndum og verið starfsmaður nefnda sem hafa haft það hlutverk að semja lagafrumvörp. Hefur hann þannig komið að vinnu við 14 lagafrumvörp á ýmsum sviðum. Hann hefur verið dómkvaddur sem matsmaður og yfirmatsmaður í um 60 málum, einkum málum vegna líkamstjóna, en einnig um flókin álitafni, svo sem fasteignaréttindi, vatnsréttindi, landskipti, útboð vegna einkavæðingar o.fl. Einnig var hann margoft sérfræðivitni (um 20 mál) til að bera um inntak íslensks réttar fyrir erlendum dómstólum í kjölfar bankahrunsins haustið 2008, fyrst og fremst í Englandi og Bandaríkjunum, en einnig í Lúxemborg, Hollandi, Kanada og Sviss. Álitsgerðirnar voru samdar á ensku, oftast um flókin lögfræðileg efni og sumar þeirra mjög umfangsmiklar. Þar reyndi mjög á réttarfar, bæði skv. íslenskum lögum og alþjóðlegum samningum, gjaldþrotaskiptarétt, samninga- og kröfurétt, félagarétt og löggjöf á fjármálamarkaði. Einnig hefur hann tvívegis verið sérfræðivitni um íslenskan rétt fyrir gerðardómi Alþjóða verslunarráðsins (International Chamber of Commerce) þar sem reyndi á réttarfar, samninga- og kröfurétt og félagarétt. Þá hefur hann samið fjölda álitsgerða, bæði fyrir opinberar stofnanir og einkaaðila, sem sumar hafa birst opinberlega. Í þeim hafa í mörgum tilvikum verið tekin til skoðunar flókin lögfræðileg álitamál, svo sem fasteignaréttindi, kröfuréttindi, þ. á m. fyrning, vextir, gjaldeyrismál, stjórnskipuleg álitamál og málefni lífeyrissjóða. Hann var lögfræðilegur ráðgjafi rannsóknarnefndar Alþingis um aðdraganda og orsakir falls íslensku bankanna 2008 og rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparissjóðanna. Fólu þau störf í sér umfangsmikla greiningu, yfirheyrslur, skrif o.fl.

Jafnframt var hann lengi ráðgjafi Kauphallar Íslands (síðar Nasdaq Iceland), einkum í tengslum við bankahrúnið.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir starfaði sem starfsmannastjóri hjá Frjálsa fjárfestingabankanum 2000-2001. Þegar hún gegndi störfum í fjármálaráðuneytinu sat hún í fjölmörgum nefndum, m.a. nefnd um gerð tvísköttunarsamninga 1997-1999 og kom að samningu fjölda lagafrumvarpa. Hún var í hópi vararíkissáttasemjara við embætti ríkissáttasemjara á árunum 2019-2021 og var framkvæmdastjóri Kvennaráðgjafarinnar í hlutastarfi 1992-1994.

Skúli Magnússon sat í nefnd um rafræna stjórnslu, nefnd til endurskoðunar laga um birtingu laga og stjórnvaldserinda og starfshópi dómsmálaráðherra um breytingu á skipan löggeslumála. Þá var hann kosinn í stjórnlaganefnd af Alþingi árið 2010, sat í stjórnarskrárnefnd 2013-2014 og í stjórnlagaráði grænlenka þingsins sem sérfræðingur á árunum 2017-2022.

5.8.1 Reynsla af öðrum störfum sem nýttast dómaraefni o.fl. – samanburður

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, stendur *Eyvindur* fremstur umsækjenda í þessum þætti hæfnismats. Á eftir honum kemur *Skúli*, þá *Aðalsteinn* og loks *Ingibjörg*.

5.9 Sérstök starfshæfni

Í 4. tölulið 4. gr. reglna nr. 970/2020 segir að mikilvægt sé að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu og geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma og ritað þá á góðu máli. Hann verður að geta stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál, sem honum eru fengin, bæði fljótt og af öryggi.

5.9.1 Að umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu

Hvað þennan þátt hæfnismats varðar hafa umsækjendur greint frá störfum sem geta fallið hér undir. Að mati dómnefndar skiptir einkum máli þegar lagt er mat á hvort umsækjandi hafi einkamála- og sakamálaréttarfar á valdi sínu hver sé reynsla hans af dóms- og málflutningsstörfum. Enn fremur hvert sé framlag hans í formi kennslu á

háskólastigi og fræðiskrifa á sviði réttarfars sem og aðkoma hans að samningu lagafrumvarpa á því sviði, enda séu síðastnefndu framlögin veruleg.

Að þessu virtu er það mat dómnefndar að vegna starfsreynslu sinnar sem lögmaður um langt árabíl, sem dómari í öllum tegundum dómsmála við Landsrétt og sem nefndarmaður í réttarfarsnefnd frá árinu 2022 standi *Aðalsteinn* öðrum umsækjendum nokkru framar í þessum þætti hæfnismatsins. Að álitni nefndarinnar hafa *Ingibjörg* og *Skúli* bæði með framangreindum störfum sínum öðlast slíkt vald á réttarfarsreglum að ekki er ástæða til að gera upp á milli hæfni þeirra á þessu sviði. Reynsla *Eyvindar* af beitingu réttarfarsreglna telst minni en annarra umsækjenda.

5.9.2 Að umsækjandi geti stjórnað þinghöldum af röggsemi og sanngirni og afgreitt þau mál sem honum eru fengin bæði fljótt og af öryggi

Dómnefnd telur að ályktun um þessi atriði verði einkum dregin af þeim störfum sem umsækjendur hafa gegnt á liðnum árum. Með tilliti til starfsreynslu þeirra svo og af því sem fram kom í viðtölum við umsækjendur, lítur nefndin svo á að þau séu öll hæf til að stjórna þinghöldum af röggsemi og sanngirni og muni afgreiða þau mál sem þeim eru fengin bæði skjótt og vel. Ekkert er fram komið sem gefur tilefni til að gera upp á milli þeirra að því er þetta varðar.

6. Færni umsækjenda til að semja dóma

Í 4. gr. reglna nr. 970/2020 er m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Enn fremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Af dómsúrlausnum umsækjanda og eftir atvikum stefnum, greinargerðum og stjórnsýsluúrskurðum er unnt að draga ályktanir um hversu vel hann þekkir til réttarreglna, þar með talið réttarfarsreglna svo og hæfni hans við að beita þeim lögum og öðrum réttarheimildum sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa málsatvik og greina ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði. Það hversu vel umsækjandi hefur tileinkað sér

Þessi atriði má ætla að hafi mikið forspárgildi við mat á hæfni hans til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti sem er mikilvægasta verkefni dómara réttarins. Í samræmi við þetta hefur dómnefnd lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dómsúrlausnir.

Aðalsteinn E. Jónasson

Aðalsteinn hefur um rúmlega sex ára skeið gegnt starfi dómara við Landsrétt en hann starfaði um árabíl sem hæstaréttarlögmaður. Þegar Aðalsteinn sótti um stöðu hæstaréttardómara vorið 2020 var við mat á hæfi hans aflað sex greinargerða, sem hann ritaði í málum er flutt voru fyrir Hæstarétti á árunum 2014–2016. Við val á greinargerðunum var leitast við að hafa málin sem fjölbreyttust. Öll málin voru talin eiga það sameiginlegt að varða fjármálagerninga en þrátt fyrir það tækju þau til margra álítaefna á því réttarsviði. Greinargerðirnar voru taldar eiga það sammerkt að vera vel skrifaðar og þar væri með skýrum hætti gerð grein fyrir málsástæðum og lagarökum. Ekki yrði annað ráðið en að Aðalsteinn hefði góð tök á efninu, sem væri á hans sérsviði.

Í umsókn Aðalsteins er að finna yfirlit yfir fjölda dómsúrlausna fram til 1. mars 2024 sem hann hefur staðið að í Landsrétti. Alls er um að ræða 1012 dóma og úrskurði, þar af 234 í áfrýjuðum einkamálum og 138 í áfrýjuðum sakamálum. Þar af hefur hann verið dómsformaður og þar með samið drög að atkvæði í 331 máli, þar af 92 áfrýjuðum einkamálum og 39 áfrýjuðum sakamálum. Hæstiréttur hefur tekið 24 af þessum dómsúrlausnum til endurskoðunar. Dómnefndin hefur tekið þessar dómsúrlausnir til skoðunar. Af þeim hefur Hæstiréttur staðfest níu, staðfest átta að hluta, snúið við þremur, vísað einu máli frá Hæstarétti og ómerkt þrjár dómsúrlausnir. Í átta af þessum málum var Aðalsteinn dómsformaður og samdi þar af leiðandi drög að atkvæði í Landsrétti. Af þeim voru fimm dómsúrlausnir staðfestar, tvær staðfestar að hluta og einu máli vísað frá Hæstarétti (af öðrum orsökum en vörðuðu dóm Landsréttar). Engin dómsúrlausn var ómerkt og í engu tilviki var fundið að málsmeðferð fyrir Landsrétti. Niðurstöðurnar stóðust því að jafnaði mjög vel endurskoðun Hæstaréttar. Hafa verður í huga að eftir 2019 heyrir til undantekninga að dómsúrlausnir sem Hæstiréttur heimilar að skotið sé til réttarins séu staðfestar með vísan til forsendna.

Aðalsteinn hefur eingöngu starfað sem dómari í fjölskipuðum dómi, einkum á áfrýjunarstigi í Landsrétti en einnig sem settur dómari í Hæstarétti og í Endurupptökudómi. Ljóst er að samning dómsúrlausna á dómstigunum þremur lýtur nokkuð mismunandi lögmálum. Héraðsdómari situr að jafnaði einn í dómi og þarf að skilgreina málsatvik og málsástæður frá grunni, komast að niðurstöðu um réttarfarsatriði, sönnunatriði og lagaatriði og færa fyrir henni rök. Á æðri dómstigum hefur málið hins vegar þroskast og ágreiningsefni oft orðin færri og afmarkaðri.

Enda þótt að jafnaði reyni á svipuð atriði við samningu allra dómsúrlausna verður að hafa í huga að samning dómsúrlausna í Landsrétti svipar meira til samningu dómsúrlausna í Hæstarétti en samning héraðsdóma. Reynsla Aðalsteins sem landsréttardómara og færni hans til að semja drög að atkvæði þar er því til þess fallin að geta nýst honum vel í Hæstarétti. Á móti kemur þó að gagnstætt því sem gildir að jafnaði um samningu héraðsdóma er samning dómsúrlausna í fjölskipuðum dómi teymisvinna þar sem allir dómara leggja eitthvað að mörkum til endanlegs dóms þótt þáttur frummælanda sé að jafnaði umfangsmestur. Dómsúrlausnir í málum sem Aðalsteinn hefur samið verður að meta í því ljósi að hann hefur ekki staðið einn að þeim.

Dómnefndin tók til sérstakrar skoðunar nokkra dóma og úrskurði Landsréttar sem Aðalsteinn kveðst hafa samið atkvæði í og hann vísaði til í umsókn sinni og jafnframt fáeina dóma Hæstaréttar og úrskurði Endurupptökudóms sem hann kveðst hafa farið með atkvæði í.

Samkvæmt framansögðu hafa dómsúrlausnir í málum sem Aðalsteinn hefur samið drög að atkvæði í sem dómari í Landsrétti almennt staðist vel endurskoðun í Hæstarétti. Færni hans til að semja dómsatkvæði verður þó ekki metin af því einu heldur lítur dómnefndin fremur til þess hvernig dómara Landsréttar sem hann hefur staðið að eru byggðir upp, hvort gerð sé grein fyrir málsatvikum með sjálfstæðum hætti, röksemdum aðila með skýrum og skiljanlegum hætti og hversu vandaðar niðurstöður um form, sönnunatriði og lagaatriði teljast vera.

Aðalsteinn hefur staðið að á annað þúsund dómsúrlausnum á rúmlega sex árum í Landsrétti, jafnt í áfrýjuðum og kærðum einkamálum sem og áfrýjuðum og

kærðum sakamálum. Ekki verður séð að Landsréttur hafi farið yfir tímamörk við uppkvaðningu dómsúrlausna í þeim málum sem Aðalsteinn hefur settið í sem dómari. Aðalsteinn hefur því verið afkastamikill og skilvirkur. Þær dómsúrlausnir sem Aðalsteinn hefur vísað til í umsókn sinni og aðrar sem hann hefur staðið að og dómnefndin hefur skoðað eru á afar fjölbreytilegum réttarsviðum sem spanna nánast allar greinar lögfræðinnar. Margar þeirra eru í mjög umfangsmiklum og lögfræðilega flóknum málum. Dómsúrlausnirnar eru að jafnaði vel samdar og vel rökstuddar og málum yfirleitt ráðið til lykta með öðrum og skýrari rökstuðningi en gert hafði verið í héraði. Efnislega hafa þær að jafnaði staðist vel endurskoðun í Hæstarétti.

Greinargerðir sem Aðalsteinn samdi sem lögmaður og þær dómsúrlausnir í málum sem hann kveðst hafa samið drög að atkvæði gefa að mati dómnefndar til kynna að hann hafi yfir að ráða færni sem þarf til að rita dómsatkvæði í Hæstarétti.

Eyvindur G. Gunnarsson

Eyvindur hefur starfað sem dómari við Endurupptökudóm frá því hann tók til starfa 1. febrúar 2021. Þá hefur hann verið settur dómari í Hæstarétti í alls tíu málum, í einu máli í Landsrétti og kveðst hafa settið í alls fimm gerðardómum, þar af verið dómsformaður í fjórum málum. Eyvindur átti sæti í áfrýjunarnefnd neytendamála á árunum 2007 til 2013 og var varaformaður úrskurðarnefndar frístundahúsamála á árunum 2008 til 2010. Hann hefur gegnt ýmsum öðrum trúnaðarstörfum þar sem reynt hefur á úrlausn lögfræðilegs ágreinings svo sem í stjórn Samkeppniseftirlitsins þar sem hann var um skeið stjórnarformaður.

Í umsókn Eyvindar er að finna yfirlit yfir tíu dóma Hæstaréttar í málum sem hann hefur verið settur dómari í, þar af kveðst hann hafa samið drög að atkvæði í tveimur málum. Þá er þar að finna yfirlit yfir 52 úrskurði Endurupptökudóms í málum sem hann hefur verið einn þriggja dómara en þar af kveðst hann hafa farið með atkvæði í 13 málum. Loks er þar yfirlit yfir 88 úrskurði áfrýjunarnefndar neytendamála. Að auki hefur Eyvindur verið settur dómari í Landsrétti í einu máli og afhent nefndinni ákvörðun viðurlaganefndar Nasdaq Iceland sem hann kveðst hafa samið sem formaður nefndarinnar.

Eyvindur hefur eingöngu settið sem dómari í fjölskipuðum dómi, þ.e.a.s. í Endurupptökudómi, Hæstarétti og Landsrétti. Dómsúrlausnir sem hann hefur staðið að hafa því ekki sætt endurskoðun ef undan er skilinn dómur í landsréttarmálinu sem hann sat í sem var ómerktur vegna vanhæfis samdómenda hans. Þar af leiðandi er ekki unnt að skoða þær og meta í ljósi þess hvernig þær hafa staðist fyrir æðri dómi. Ljóst er að samning dómsúrlausna á dómstigunum þremur og fyrir Endurupptökudómi lýtur nokkuð mismunandi lögmaðlum. Héraðsdómari situr að jafnaði einn í dómi og þarf að skilgreina málsatvik og málsástæður frá grunni svo og komast að niðurstöðu um réttarfarsatriði, sönnunatriði og lagaatriði og færa rök fyrir henni. Á æðri dómstigum og fyrir Endurupptökudómi hefur málið hins vegar þroskast og ágreiningsefni oft orðin færri og afmarkaðri. Á þetta sérstaklega við um úrlausn mála fyrir Endurupptökudómi þar sem einkum reynir á hvort uppfyllt séu þröng skilyrði laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála fyrir því að fallist verði á beiðni um endurupptöku.

Eyvindur hefur samkvæmt framansögðu talsverða reynslu af samningu draga að dómsniðurstöðum í fjölskipuðum Endurupptökudómi. Þar sem að nokkru leyti reynir á sambærileg lögfræðileg úrlausnarefni við úrlausn mála þar og við samningu draga að atkvæði í Hæstarétti má ætla að úrskurðir sem hann hefur samið drög að í Endurupptökudómi hafi talsvert forspárgildi um færni hans til starfa sem dómari í Hæstarétti og sérstaklega til að semja drög að dómsatkvæðum þar. Á móti kemur þó að gagnstætt því sem gildir að jafnaði um samningu héraðsdóma er samning dómsúrlausna í fjölskipuðum dómi teymisvinna þar sem allir dómara leggja eitthvað að mörkum til endanlegs dóms þótt þáttur frummælanda sé að jafnaði umfangsmestur. Dómsúrlausnir í málum sem Eyvindur kveðst hafa verið frummælandi í verður að skoða og meta í því ljósi að hann hefur ekki staðið einn að þeim.

Þar sem ekki er unnt að meta færni Eyvindar við samningu dómsúrlausna með hliðsjón af því hvernig þeim hefur reitt af fyrir æðri dómi er fyrst og fremst litið til þess hversu vel dómsúrlausnir sem hann kveðst hafa samið drög að eru byggðar upp, hvort gerð sé grein fyrir málsatvikum með sjálfstæðum hætti og röksemdum aðila með

skýrum og skiljanlegum hætti svo og hversu vandaðar niðurstöður um form, sönnunaratriði og lagaatriði eru.

Þeir úrskurðir Endurupptökudóms sem Eyvindur hefur vísað til í umsókn sinni og dómnefndin hefur skoðað sérstaklega eru bæði á sviði einkamála og sakamála. Við mat á því hversu mikið forspárgildi þessi úrskurðir hafa um færni hans til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti verður þó að líta til þess að hlutverk Endurupptökudóms er fyrst og fremst að meta hvort skilyrði ákvæða laga nr. 91/1991 og 88/2008 til að heimila endurupptöku eru uppfyllt. Í slíkum málum reynir hins vegar jafnframt á nákvæma greiningu sakarefna og góðan skilning á sönnunarmati og málsmeðferðarreglum á sviði einkamála og sakamála.

Þeir úrskurðir Endurupptökudóms og dómar Hæstaréttar í málum sem Eyvindur kveðst hafa samið atkvæði og dómnefndin hefur skoðað sérstaklega benda til þess að hann hafi góð tæk á einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari og hafi yfir að ráða færni sem þarf til að semja drög að dómsatkvæðum í Hæstarétti.

Ingibjörg Þorsteinsdóttir

Ingibjörg var skipuð héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur árið 2012 og hefur gegnt því embætti síðan. Hún hefur verið dómstjóri við dómstólinn frá vori 2021. Þá var hún settur dómari í Hæstarétti í fimm málum á árinu 2018 og einu til viðbótar á árinu 2021. Hún var forseti Félagsdóms ad hoc í einu máli á árinu 2021. Þá var hún formaður úrskurðarnefndar um greiðsluáðlögun frá stofnun nefndarinnar árið 2010 fram í ársbyrjun 2013. Hún var varaformaður stjórnar Fjármálaeftirlitsins á árunum 2011 til 2013 og þá eini lögfræðingurinn í stjórninni.

Samkvæmt athugun dómnefndarinnar hefur Hæstiréttur kveðið upp dóma í 119 málum þar sem dómsúrlausnir sem Ingibjörg hefur staðið að í héraði hafa verið endurskoðaðar. Þeir dómar sem hún hefur staðið að ein eða sem dómsformaður í héraði eru allir í einkamálum en auk þess var hún meðdómandi tveimur sakamálum. Úrskurðir sem frá henni stafa eru í almennum einkamálum, ýmiss konar ágreiningsmálum og fullnustumálum en einnig í þágu rannsóknar sakamála.

Í því skyni að fá sem gleggsta mynd af færni Ingibjargar til að semja dóma, borið saman við aðra umsækjendur, var talið rétt að taka til skoðunar héraðsdóma hennar

sem endurskoðaðir voru í Hæstarétti frá ársbyrjun 2015 og fram til þess sem hún var kjörin dómstjóri árið 2021. Aðeins voru skoðaðir þeir dómur sem hún stóð að ein eða sem dómsformaður í fjölskipuðum dómi í héraði. Alls var um að ræða 31 dóm. Þessir dómur voru allir í einkamálum en á afar fjölbreytilegum réttarsviðum. Af þeim voru tíu staðfestir með vísan til forsendna, sjö til viðbótar staðfestir aðallega með vísan til forsendna en með stuttri athugasemd Hæstaréttar, niðurstaða var staðfest í átta dómum með nokkuð breyttum rökstuðningi og niðurstaða staðfest að hluta í fjórum dómum. Aðeins tveimur dómum hennar var snúið við í Hæstarétti en enginn þeirra ómerktur. Af þessari skoðun verður sú ályktun dregin að dómur Ingibjargar hafi staðist vel endurskoðun Hæstaréttar, bæði hvað varðar niðurstöður og lögfræðilegan rökstuðning.

Dómnefndin skoðaði nánar nokkra dóma og úrskurði Ingibjargar í málum sem lauk endanlega með dómum Landsréttar eða Hæstaréttar og sættu því endurskoðun á einu eða tveimur dómstigum. Ýmist er um að ræða dómsúrlausnir sem Ingibjörg vísaði til í umsókn sinni eða sem dómnefndin hefur valið af handahófi.

Í þessum málum voru héraðsdómur Ingibjargar að jafnaði vel skrifaðir og ítarleg lögfræðileg rök færð fyrir niðurstöðu, einnig í þeim tilvikum þegar æðri dómur rökstuddi niðurstöðu með öðrum hætti en héraðsdómari. Niðurstöður Ingibjargar um sönnunatriði og lagaatriði voru að jafnaði staðfestar. Ekki voru gerðar athugasemdir við málsmeðferð í héraði í þessum málum.

Þegar lagt er mat á hvaða forspárgildi framangreindar dómsúrlausnir Ingibjargar hafa um færni hennar til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti er til þess að líta að hún hefur að jafnaði staðið ein að flestum þeirra og borið ábyrgð á forsendum þeirra og niðurstöðum. Á hinn bóginn hefur Ingibjörg litla reynslu af dómstörfum á áfrýjunarstigi en samning dómsúrlausna við slíka dómstóla felur í sér endurskoðun dómsúrlausnar sem þegar liggur fyrir og lýtur þannig nokkuð öðrum lög málum en í héraði. Ingibjörg hefur þó reynslu af störfum í fjölskipuðum dómi í héraði og í fjórum málum í Hæstarétti. Þá ber að líta til þess að dómur sem Ingibjörg hefur samið ein eða sem dómsformaður í fjölskipuðum héraðsdómi eru allir í einkamálum. Hún hefur hins vegar setið sem meðdómandi í allnokkrum sakamálum og hefur með þeim hætti jafnframt komið að samningu dóma í sakamálum. Úrskurðir hennar sem til

endurskoðunar hafa verið í Hæstarétti í kærumálum hafa verið á sviði almennra einkamála, ýmiss konar ágreiningsmála og fullnustumála og undir rannsókn sakamála. Þeir sýna að hún hefur góð tök á bæði einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari. Allar þessar dómsúrslausnir Ingibjargar gefa að mati dómnefndar til kynna að hún hafi yfir að ráða færni sem þarf til að rita dómsatkvæði í Hæstarétti.

Skúli Magnússon

Skúli starfaði sem héraðsdómari við Héraðsdóm Reykjavíkur á árunum 2004 til 2007 og aftur á árunum 2012 til 2021 eða í um 13 ár. Þá var hann settur dómari við Landsrétt í þrjá mánuði snemma á árinu 2021. Á árunum 2007 til 2012 gegndi Skúli starfi skrifstofustjóra EFTA-dómstólsins. Hann var kjörinn umboðsmaður Alþingis vorið 2021 og hefur gegnt því starfi síðan. Hann var settur hæstaréttardómari í fjórum málum á árinu 2018 og tveimur á árinu 2021. Þá var hann varadómari við Mannréttindadómstól Evrópu frá árinu 2010 til ársins 2021. Hann kveðst hafa setið í fimm gerðardómsmálum frá og með árinu 2005 og verið oddamaður í þeim öllum. Skúli starfaði sem aðstoðarmaður héraðsdómara um tveggja ára skeið í upphafi starfsferilsins og var aðstoðarmaður hæstaréttardómara í tæp tvö ár. Skúli hefur því tekið þátt í dómstörfum við dómstóla á öllum dómstigum hér á landi og auk þess starfað við alþjóðlegan dómstól. Hann hefur starfað við úrlausn lögfræðilegs ágreinings nánast alla starfsævina.

Samkvæmt athugun dómnefndarinnar hefur Hæstiréttur kveðið upp dóma í um 270 málum þar sem um 135 dómar og jafn margir úrskurðir sem Skúli hefur staðið að í héraði hafa verið til endurskoðunar. Dómarnir eru í einkamálum. Úrskurðirnir eru meðal annars um réttarfarságreining, í ýmiss konar ágreiningsmálum og á sviði fullnusturéttar svo og rannsóknarúrskurðir í sakamálum. Mjög margir úrskurðir voru í vandasömum munnlega fluttum ágreiningsmálum sem tengdust slitabúum fjármálafyrirtækja. Í flestum þessara mála hefur Skúli staðið einn að dómsniðurstöðu eða verið dómsformaður í fjölskipuðum dómi en í fáeinum málum hefur hann þó verið meðdómandi og þá einkum í sakamálum. Dómar Skúla í héraði í einkamálum eru á fjölbreytilegum réttarsviðum og margir þeirra eru í mjög umfangsmiklum og lögfræðilega flóknum málum.

Skúli hefur sem fyrr segir gegnt starfi umboðsmanns Alþingis frá vori 2021 eða í um þrjú ár. Hann hefur sent frá sér fjölda álita á þeim tíma. Í þessum álitum hefur reynt á mörg og flókin álitaefni á sviði stjórnsluréttar en þau tengjast þó fleiri réttarsviðum. Ætla má að við úrlausn þeirra reyni að miklu leyti á svipaða lögfræðilega aðferðafræði og við samningu dómsúrlausna. Enda þótt Skúli beri sem umboðsmaður Alþingis ábyrgð á forsendum og niðurstöðum þessara álita er til þess að líta, eins og hann hefur sjálfur greint frá, að samning þeirra er teymisvinna sem starfsmenn vinna að með honum með ýmsum hætti. Þótt störf Skúla sem umboðsmaður Alþingis hljóti að hafa talsvert vægi í heildarmati á hæfni hans telur dómnefndin að framangreind álit hafi heldur minna forspárgildi um færni hans til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti en þær dómsúrlausnir sem hann hefur staðið að sem héraðsdómari einn eða sem dómsformaður í fjölskipuðum dómi.

Í því skyni að fá sem gleggsta mynd af færni Skúla til að semja dóma, borið saman við aðra umsækjendur, taldi dómnefndin rétt að taka fyrst og fremst til skoðunar dóma hans sem voru endurskoðaðir í Hæstarétti frá ársbyrjun 2015 og fram til þess sem hann var kjörinn dómstjóri vorið 2021, ýmist einn eða sem dómsformaður í fjölskipuðum dómi. Alls var um að ræða 56 dóma. Þessir dómur voru allir í einkamálum en á afar fjölbreytilegum réttarsviðum. Af þessum dómum voru 12 staðfestir með vísan til forsendna, 13 til viðbótar staðfestir aðallega með vísan til forsendna en með stuttri athugasemd Hæstaréttar, niðurstaða var staðfest í níu dómum með nokkuð breyttum rökstuðningi og niðurstaðan staðfest að hluta í fjórum dómum. Niðurstöðu tólf dóma var snúið við að öllu leyti í Hæstarétti, tveir dómur voru ómerktir, tveimur málum var vísað frá héraðsdómi og tveimur málum frá Hæstarétti af ástæðum sem ekkert höfðu með héraðsdóminn að gera.

Af framangreindri skoðun verður sú ályktun dregin að dómsúrlausnir Skúla hafi staðist vel endurskoðun Hæstaréttar og þá sérstaklega hvað varðar rökstuðning. Í því sambandi tekur dómnefndin fram eins og áður greinir að mat hennar á hæfni umsækjanda ræðst ekki eingöngu af því hvernig dómsúrlausnir umsækjanda hafa staðist fyrir æðra rétti. Ekki skiptir síður máli hversu umfangsmikil málin hafa verið og flókin úrlausnar í lögfræðilegum skilningi svo og hvernig dómsniðurstöðurnar hafa

verið byggðar upp og hversu vel rökstuðningur um sönnunatriði og lagaatriði hefur verið grundaður.

Athygli vekur að af þeim dómum í einkamálum sem Skúli hefur staðið að einn eða sem dómsformaður og til endurskoðunar hafa verið í Hæstarétti hefur það afar sjaldan (átta af 135) gerst að honum hafi ekki tekist að leggja dóm á málið innan þeirra fjögurra vikna frá dómtöku sem kveðið er á um í 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991. Þetta virðist aðeins hafa gerst í sérstaklega umfangsmiklum og vandasömum málum.

Dómnefndin tók til nánari skoðunar nokkrar dómsúrlausnir Skúla í málum sem lauk endanlega með dómum Landsréttar eða Hæstaréttar og sættu því endurskoðun á einu eða tveimur dómstigum. Ýmist er um að ræða dómsúrlausnir sem hann vísaði til í umsókn sinni eða sem dómnefndin hefur valið af handahófi. Dómnefndin skoðaði einnig dóm Hæstaréttar í máli sem Skúli kveðst hafa samið atkvæði sem settur hæstaréttardómari.

Þegar lagt er mat á hvaða forspárgildi dómsúrlausnir Skúla sem dómnefndin hefur skoðað hafa um færni hans til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti er til þess að líta að hann hefur staðið einn að samningu flestra þeirra og borið ábyrgð á forsendum og niðurstöðum. Þá ber að líta til þess að þeir dómur Skúla sem endurskoðaðir hafa verið eru allir í einkamálum þannig að hann hefur ekki umfangsmikla reynslu af samningu dóma í sakamálum. Aftur á móti hafa úrskurðir hans sem til endurskoðunar hafa verið í Hæstarétti í kærumálum verið á sviði almennra einkamála, ýmiss konar ágreiningsmála og fullnustumála og í þágu rannsóknar sakamála. Þeir sýna að hann hefur góð tækni á bæði einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari. Sem settur dómari í Landsrétti sat hann í dómi í fjölbreytilegum áfrýjunarmálum og kærumálum. Rétt er að líta sérstaklega til þess að þeir dómur Skúla sem til endurskoðunar hafa verið í Hæstarétti eru gríðarlega margir og á fjölmörgum réttarsviðum. Sama má segja um dóma hans og úrskurði sem hafa verið endurskoðaðir í Landsrétti frá árinu 2018. Mörg þessara mála hafa verið umfangsmikil og í þeim flókin lögfræðileg úrlausnarefni sem Skúli hefur leyst úr með greinargóðum og ítarlegum hætti. Jafnframt er til þess að líta að Hæstiréttur hefur fengið til úrlausnar fjölmörg ágreiningsmál vegna slíta fjármálafyrirtækja sem Skúli hefur úrskurðað í eftir munnlegan málflytning. Dómsúrlausnir Skúla hafa staðist allvel endurskoðun

Hæstaréttar og þá sérstaklega lögfræðilegur rökstuðningur. Til þess er jafnframt að líta að Skúli hefur komið að úrlausn dómsmála á öllum þremur dómstigum og samið drög að atkvæði í allmörgum málum bæði fyrir Landsrétti og Hæstarétti. Allar þessar dómsúrslausnir Skúla gefa að mati dómnefndar til kynna að hann hafi yfir að ráða færni sem þarf til að rita dómsatkvæði í Hæstarétti. Á það má jafnframt benda að af öllum þeim fjölda dómsúrslausna í munnlega fluttum einkamálum sem til endurskoðunar hafa verið í Hæstarétti hefur honum nær undantekningarlaust tekist að kveða upp dóm innan þeirra fjögurra vikna frá dómtöku sem kveðið er á um í 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991 og er það til marks um hann hafi sýnt mikla skilvirkni í dómstörfum.

Að áliti dómnefndar gefur það, sem rakið er hér að framan, eins skýra mynd af færni umsækjenda til að semja dóma og kostur er og hefur þar með talsvert forspárgildi við mat á hæfni þeirra til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti sem er mikilvægasta verkefni dómara réttarins. Við mat á þessari hæfni umsækjenda hefur sjónum einkum verið beint að því hvernig þeim hefur tekist að nýta þá lögfræðilegu þekkingu, sem þau búa sannanlega yfir, við að greina mál sem til meðferðar eru fyrir dómi og leysa úr þeim. Rétt er að taka fram, vegna þeirra dómsúrslausna sem skoðaðar voru sérstaklega, að hafi niðurstaða hlutaðeigandi dómara verið staðfest af Hæstarétti með vísan til forsendna, ekki síst ef málið var flókið úrlausnar, gefur það vísbendingu um að dómurinn eða úrskurðurinn hafi verið vel saminn. Hins vegar sker þetta eitt ekki úr, heldur getur dómur verið vel saminn og dómsorð hans stutt gildum lögfræðilegum rökum þótt niðurstaða æðri dóms hafi verið önnur. Jafnframt hefur verið horft til þess hvort dómsúrslausnir umsækjanda hafi verið á fjölbreytilegum réttarsviðum, í hvaða mæli þeir hafa staðið einir að samningu dómsúrslausnar og hvort reynsla þeirra af dómstörfum sé einkum af einu dómstigi eða af fleirum.

Á grundvelli mats dómnefndar á þeim dómsúrslausnum umsækjenda sem hún hefur skoðað og annarra þeirra atriða sem rakin eru hér að fram er það niðurstaða hennar að *Skúli Magnússon* hafi sýnt að hann sé færastur þeirra til að semja dómsúrslausnir. Er þá ekki síst horft til þeirrar miklu færni sem hann þykir hafa sýnt við uppbyggingu og lögfræðilegan rökstuðning í fjölmörgum dómum og úrskurðum

sem hann kvað upp sem héraðsdómari en einnig til annarra dómsúrlausna sem hann hefur staðið að í Landsrétti og Hæstarétti svo og að nokkru leyti til álita hans sem umboðsmaður Alþingis. Á hæla honum að því er varðar færni til að semja dóma kemur að álitum dómnefndar *Adalsteinn E. Jónasson* sem þykir hafa sýnt mikla færni við samningu dóma og úrskurða í Landsrétti í fjölmörgum og fjölbreytilegum málum og verið skilvirkur. Þar á eftir kemur *Ingibjörg Þorsteinsdóttir* en hún þykir hafa sem héraðsdómari sýnt mikla færni við samningu dóma í einkamálum og úrskurða á fjölbreytilegum réttarsviðum í héraði. Dómsúrlausnir *Eyvindar G. Gunnarssonar* eru á þrengra sviði en annarra umsækjenda en hann hefur eigu að síður sýnt mikla færni við úrlausn þeirra mála í Endurupptökudómi og Hæstarétti sem hann hefur samið drög að atkvæði í.

7. Niðurstaða dómnefndar

Verkefni dómnefndar skv. 1. mgr. 12. gr. laga nr. 50/2016 um dómstóla er að taka afstöðu til þess hver eða eftir atvikum hverjir umsækjenda séu hæfastir til að gegna embætti hæstaréttardómara sem auglýst hefur verið laust til umsóknar. Hér að framan hefur verið fjallað sérstaklega um þau sjónarmið sem dómnefnd ber að líta til við störf sín skv. 4. gr. reglna nr. 970/2020. Sjónarmiðin hljóta eðli máls samkvæmt að hafa mismunandi vægi innbyrðis, en ekkert eitt þeirra getur ráðið úrslitum.

Niðurstaða dómnefndar er byggð á heildstæðu og málefnalegu mati á verðleikum umsækjenda í samræmi við ákvæði laga nr. 50/2016, reglna nr. 970/2020 og stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Við það mat skiptir mestu máli að umsækjendur hafi til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega menntun, þekkingu og færni sem þarf til að gegna starfi hæstaréttardómara. Við mat á því að hve miklu leyti starfsreynsla umsækjenda nýtist í störfum hæstaréttardómara vegur þyngst að þeir búi yfir fjölbreyttri og staðgóðri reynslu af störfum sem ætla má að hafi forspárgildi um hæfni þeirra til að gegna starfi dómara við Hæstarétt. Starfsreynsla sem þykir hafa mest forspárgildi er reynsla af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og þeim stjórnarsýslustörfum sem lúta að úrlausn ágreiningsmála. Í ljósi þess að frá árinu 2018 hefur Hæstiréttur fyrst og fremst verið fordæmisgefandi dómstóll hefur dómnefndin gefið reynslu umsækjenda af fræðistörfum og kennslu á sviði lögfræði nokkuð aukið

vægi. Við þetta mat hefur ekki einungis þýðingu hversu löng starfsreynslan er heldur jafnframt hversu fjölbreytt verkefni á sviði lögfræði umsækjendur hafa fengist við, svo sem hvort þeir hafi reynslu af því að beita réttarreglum á ólíkum réttarsviðum. Þá vegur reynslan af fyrstu starfsárunum í hverju starfi að öðru jöfnu tiltölulega þyngst í þessu sambandi, þannig að síður er ástæða til að gera upp á milli umsækjenda með langa starfsreynslu að baki. Þótt farsæl starfsreynsla gefi mikilsverðar vísbendingar um hæfni umsækjanda koma þó önnur atriði einnig til álita, ekki síst færni hans við lögfræðilega greiningu á álitamálum sem leysa þarf úr fyrir dómi.

Dómnefndin hefur rætt við alla umsækjendur og kallað eftir umsögnum um þá frá umsagnaraðilum sem þeir hafa sjálfir bent á. Litið var til upplýsinga sem komu fram í viðtölum og umsögnum við heildarmat dómnefndar á hæfni umsækjenda.

Ef litið er til þeirra matsþátta, sem fjallað er um í köflum 5.1. – 5.8 og 5.9.1, þar sem reynsla af dómstörfum, lögmanns- og málflutningsstörfum og stjórnarsýslustörfum svo og fræðistörfum og kennslu á sviði lögfræði vega þyngst er það niðurstaða dómnefndar að umsækjendur hafi öll öðlast þá lögfræðilegu þekkingu og færni sem gera verður kröfu um að hæstaréttardómari hafi til að bera og séu vel hæf til að gegna því embætti.

Umsækjendur hafa allir fjölbreytta reynslu af störfum sem eru til þess fallin að nýtast í starfi hæstaréttardómara en starfsreynsla þeirra á einstökum sviðum sem reynir á í matinu er þó nokkuð mismunandi löng og víðtæk.

Öll hafa þau reynslu af dómstörfum og hafa öll verið sett sem dómara í Hæstarétti í nokkrum málum. Skúli Magnússon hefur lengsta og fjölbreyttasta reynslu af dómstörfum en hann hefur komið að þeim á öllum dómstigum og stendur því fremst umsækjenda í þessum matsþætti. Ingibjörg Þorsteinsdóttir kemur næst honum að dómara-reynslu en hún hefur langa reynslu af dómstörfum sem héraðsdómari og hefur verið sett sem dómari í Félagsdómi. Aðalsteinn E. Jónasson er kominn með nokkuð langa reynslu af dómstörfum í Landsrétti á fjölbreyttum réttarsviðum auk dómstarfa í Endurupptökudómi. Eyvindur G. Gunnarsson hefur minni dómara-reynslu en hefur þó verið dómari í Endurupptökudómi í rúm þrjú ár.

Umsækjendur hafa öll starfað í stjórnarsýslu við úrlausn lögfræðilegra álitaefna. Skúli þykir hafa mikilvægustu stjórnarsýslureynsluna sem umboðsmaður Alþingis í

Þrjú ár en einnig starfaði hann sem skrifstofustjóri við EFTA-dómstólinn í fimm ár. Ingibjörg hefur einnig umtalsverða stjórnsýslureynslu en hún starfaði í fjármálaráðuneytinu í sex ár og hefur m.a. starfað í úrskurðarnefndum. Eyvindur starfaði um skamma hríð í ráðuneytum en auk þess m.a. í ýmsum úrskurðarnefndum. Aðalsteinn var m.a. aðalmaður í stjórn Persónuverndar í 13 ár og hefur starfað í úrskurðarnefnd verðbréfamíðstöðva og telst hafa minni stjórnsýslureynslu en aðrir umsækjendur.

Aðeins Aðalsteinn og Eyvindur hafa starfað við lögmennsku en Aðalsteinn hefur mun lengri og víðtækari reynslu en Eyvindur á því sviði og stendur því fremst umsækjenda í þessum matsþætti.

Öll hafa umsækjendur haft kennslu í lögfræði að aðalstarfi um árabíl. Eyvindur hefur lengsta starfsreynslu sem háskólakennari að aðalstarfi en Ingibjörg einnig langa starfsreynslu á því sviði. Skúli og Aðalsteinn hafa einnig umtalsverða kennslureynslu.

Þeir Aðalsteinn, Eyvindur og Skúli hafa allir verið mjög virkir í fræðistörfum og ritað fjölda ritrýndra og óritrýndra fræðigreina, bókarkafla og bóka um lögfræði. Fræðiskrif Skúla eru afar fjölbreytt og á mörgum réttarsviðum og þykir hann af þeim sökum standa þeim Aðalsteini og Eyvindi örlítið framur í þessum matsþætti. Fræðiskrif Eyvindar eru einnig á nokkuð fjölbreyttum réttarsviðum. Aðalsteinn hefur verið mjög afkastamikill í fræðistörfum en á þrengra sviði en hinir tveir. Fræðiskrif Ingibjargar eru hins vegar takmarkaðri en hinna umsækjenda.

Aðrir þættir sem þýðingu hafa við mat á hæfni umsækjenda hafa minna vægi en þeir sem að framan eru taldir. Dómnefndin telur að umsækjendur hafi nokkuð svipaða stöðu hvað menntun varðar en öll eru þau með embættispróf í lögfræði og að auki meistaragráðu. Dómnefndin telur Ingibjörgu og Skúla hafa mesta stjórnunarreynslu en Ingibjörg hefur m.a. stýrt stærsta dómstóli landsins um þriggja ára skeið en Skúli stýrt embætti umboðsmanns Alþingi jafn lengi. Eyvindur þykir hafa mesta reynslu af öðrum störfum sem nýst geta í störfum hæstaréttardómara en Aðalsteinn fjölbreyttasta reynslu af einkamálaréttarfari og sakamálaréttarfari en hann hefur auk starfa við lögmennsku fengist við allar tegundir réttarfars í Landsrétti og m.a. átt sæti í réttarfarsnefnd.

Þegar niðurstöður dómnefndar um alla framangreinda matsþætti, sem varða reynslu þeirra af störfum og verkefnum á sviði lögfræði sem er til þess fallin að nýttast þeim í störfum hæstaréttardómara, eru dregnar saman og metnar heildstætt með hliðsjón af innbyrðis vægi þeirra telur dómnefndin þá Aðalstein og Skúla standa nokkuð jafnt og öðrum umsækjendum talsvert framar.

Eins og fram kemur í kafla 6 er í 4. gr. reglna nr. 970/2020 m.a. vísað til þess að umsækjandi um embætti dómara þurfi að hafa til að bera almenna og víðtæka lögfræðilega þekkingu og máli skipti hvort hann hafi sýnt sjálfstæði, óhlutdrægni, frumkvæði og skilvirkni í starfi, svo og hvort hann eigi auðvelt með að greina aðalatriði frá aukaatriðum. Enn fremur að hann geti farið að fyrirmælum laga um samningu dóma. Af dómsúrlausnum umsækjanda og eftir atvikum stefnum, greinargerðum og stjórnsluúrskurðum er unnt að draga ályktanir um hversu vel hann þekkir til réttarreglna, þar með talið réttarfarsreglna svo og hæfni hans við að beita þeim lögum og öðrum réttarheimildum sem við eiga hverju sinni. Af þeim verður ekki síður ályktað hversu auðvelt umsækjandi á með að reifa málsatvik og greina ágreiningsefni dómsmáls og komast síðan að vel rökstuddri niðurstöðu um sönnunar- og lagaatriði. Það hversu vel umsækjandi hefur tileinkað sér þessi atriði má ætla að hafi mikið forspárgildi við mat á hæfni hans til að semja drög að atkvæðum í Hæstarétti sem er mikilvægast verkefni dómara réttarins. Í samræmi við þetta hefur dómnefndin skoðað dómsúrlausnir umsækjenda með hliðsjón af þeim sjónarmiðum sem greint er frá í kafla 6 og á þeim grundvelli lagt mat á færni hvers og eins umsækjanda til að semja dómsúrlausnir.

Það er niðurstaða dómnefndar að Skúli hafi sýnt að hann sé færastur umsækjenda til að semja dómsúrlausnir. Er þá ekki síst horft til þeirrar miklu færni sem hann þykir hafa sýnt við uppbyggingu og lögfræðilegan rökstuðning í fjölmörgum dómum og úrskurðum sem hann kvað upp sem héraðsdómari en einnig til annarra dómsúrlausna sem hann hefur staðið að í Landsrétti og Hæstarétti svo og að nokkru leyti til álita hans sem umboðsmaður Alþingis. Á hæla honum, að því er varðar færni til að semja dóma, kemur að áliti dómnefndar Aðalsteinn sem þykir hafa sýnt mikla færni við samningu dóma og úrskurða í Landsrétti í fjölmörgum og fjölbreytilegum málum en einnig hefur verið litið til greinargerða hans sem lögmaður.

Þar á eftir kemur Ingibjörg en hún þykir sem héraðsdómari hafa sýnt mikla færni við samningu dóma í einkamálum og úrskurða á fjölbreyttum réttarsviðum. Eyvindur hefur takmarkaðri reynslu af samningu dómsúrlausna en hefur eigi að síður sýnt mikla færni við úrlausn þeirra mála í Endurupptökudómi og Hæstarétti sem hann hefur samið drög að atkvæði í.

Þegar allir framangreindir matsþættir eru virtir í heild er það mat dómnefndarinnar að *Skúli Magnússon* standi þar fremstur umsækjenda en *Adalsteinn E. Jónasson* komi honum næstur. Að þessari niðurstöðu fenginni telur dómnefndin ekki efni til að gera upp á milli annarra umsækjenda.

Samkvæmt framansögðu er það niðurstaða dómnefndar að *Skúli Magnússon* sé hæfastur umsækjenda til að gegna embætti dómara við Hæstarétt.


Ályktarorð:

Með skírskotun til 2. mgr. 12. gr. laga nr. nr. 50/2016 um dómstóla er það niðurstaða dómnefndar að *Skúli Magnússon* sé hæfastur umsækjenda til að hljóta skipun í embætti dómara við Hæstarétt Íslands sem auglýst var laust til umsóknar 1. mars 2024.

Reykjavík, 15. maí 2024



Sigurður Tómas Magnússon



Andri Árnason



Helga Melkorka Óttarsdóttir



Reimar Pétursson



Þorgeir Örlygsson